

Sp.

744. Skýrsla

Geirs Hallgrímssonar utanríkisráðherra til Alþingis 1984 um utanríkismál.

EFNISYFIRLIT

- I. Inngangur**
- II. Alþjóðamál**
 - a Samskipti austurs og vesturs
 - b Madridráðstefnan
 - c Stokkhólmsráðstefnan
 - d Afvopnunarmál
 - e Austurlönd nær
 - f Sunnanverð Afríka
 - g Mið- og Suður-Ameríka
- III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök**
 - a Sameinuðu þjóðirnar
 - b Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
 - c Alþjóðaheilbrigðisstofnunin
 - d Evrópuráðið
 - e Norðurlandasamvinna
- IV. Varnar- og öryggismál**
- V. Hafréttarmál**
- VI. Þróunarsamvinna**
- VII. Utanríkisviðskipti 1983**
- VIII. Utanríkisþjónustan**

Skýrsla

Geirs Hallgrímssonar utanríkisráðherra til Alþingis 1984.

I. Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar, sem mynduð var hinn 26. maí 1983, er kaflinn um utanríkismál svohljóðandi:

„Meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Það verði m. a. gert með þátttöku í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana, sem þeim eru tengdar. Á alþjóðavettvangi beiti Ísland sér fyrir aukinni mannúð, mannréttindum og friði.

Stefna Íslands í afvopnunarmálum miðist við að stuðla að gagnkvæmri og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Standa þarf vörð um fyllstu réttindi Íslands innan auðlindalögsögunnar, og réttindi landsins á hafsbotnssvæðunum utan hennar verði tryggð svo sem alþjóðalög frekast heimila.“

Á því tæpa ári sem liðið er frá því að ríkisstjórnin tók til starfa hefur verið unnið með virkum hætti að framkvæmd þessarar stefnu.

Höfuðþáttur hennar er að tryggja áfram sjálfstæði og öryggi landsins á þeim viðsjárverðu tímum sem við nú lifum; tryggja að íslenska þjóðin geti áfram búið við þá þjóðfélagsskipan frelsis og fullra mannréttinda sem lýðræðið býr henni.

Í margvíslegum samskiptum við aðrar þjóðir og með samvinnu við þær er leitast við að gæta hagsmuna þjóðarinnar og efla hag hennar. Með bættum samgöngum hefur Ísland færst nær öðrum þjóðum. Því fylgja bæði kostir og gallar. Hættan á að dragast inn í árekstra annarra og öflugri ríkja hefur aukist. Þörfin á að tryggja öryggi lands og þjóðar gagnvart þeirri hættu hefur að sama skapi vaxið. En um leið þjóða hinar bættu samgöngur upp á aukna samvinnu við aðrar þjóðir til stórstígari framfara en fámenn þjóð ræður við ein sér. Í samskiptum við aðrar þjóðir verður sífellt að velja og hafna. Meðferð utanríkismála felst í því að bægra frá utanaðkomandi hættum en nýta hvaðeina sem þaðan má til heilla hafa.

Enda þótt Ísland sé eitt af fámennari ríkjum heims ber því engu að síður að rækja þær skyldur sem hvíla á hverju fullvalda ríki og taka þátt í umbótaviðleitni samfélags þjóðanna. Á þessum grundvelli byggist stefna ríkisstjórnarinnar að vinna á alþjóðavettvangi að aukinni mannúð, mannréttindum og friði. Í þessum efnunum hefur of skammt miðað til betri vegar í heimsbyggðinni. Sama máli gegnir um vígbúnaðar- og afvopnunarmálin sem um skeið hafa verið í alvarlegri sjálfhældu. Á þessum sviðum er brýn verk að vinna.

Um leið og vakað er yfir því sem beint varðar hag lands og þjóðar leitast utanríkisþjónustan — innan ramma raunsæis hvað fámennri þjóð hæfi og sé fært — við að leggja lóð á vogarskálar hverskyns umbóta- og framfaramála sem um er fjallað á alþjóðavettvangi.

Í skýrslu þessari eru rakin sum þessara mála eftir því sem aðstæður leyfa.

II. Alþjóðamál.

Frá því forveri minn í starfi utanríkisráðherra flutti Alþingi skýrslu um utanríkismál hefur sigið á ógæfuhliðina í alþjóðamálum. Þar vegur þyngst versnandi sambúð risaveldanna. Viðhorf Sovétríkjanna í samningaviðræðum um afvopnunarmál, slit þeirra á viðræðum um meðaldrægar kjarnaflaugar í Evrópu (INF), ótiltekin frestun á viðræðum um langdrægar kjarnaflaugar (START) og um tíma sams konar frestun viðræðnanna um gagnkvæman samdrátt herafla í Evrópu, hafa valdið þungum áhyggjum um heim allan.

Nokkrar vonir hafa verið bundnar við, að leiðtogaskiptin í Sovétríkjunum leiði til þess að viðræður verði teknar upp að nýju. Raunsærri er þó sú von að Stokkhólmsráðstefnan um afvopnunarmál geti stuðlað að breyttri afstöðu ráðamanna í Kreml og greitt leið að nýjum samningaviðræðum risaveldanna um takmörkun og samdrátt kjarnorkuvopna undir gagnkvæmu og öruggu eftirliti. En merki slíkra breytinga sjást ekki enn sem komið er.

Nánar verður vikið að þessum málum á eftir í köflunum um samskipti austurs og vesturs og afvopnunarmál.

Stríðin og átökin í heiminum, hafa mörg staðið árum, jafnvel áratugum, saman og ný halda áfram að brjótast út. Tilraunir til að finna friðsamlega lausn deilumálanna bera lítinn sem engan árangur.

Stríðið milli Íran og Íraks hefur færst í aukana og mannfall verið óhugnanlegt. Hótanir hafa verið hafðar uppi um lokun Hormuz-sunds og þar með stöðvun olíuflutninga frá Persaflóa. Gæti hún, ef framkvæmd yrði, haft viðtækar afleiðingar í för með sér og leitt til þriðju olíukreppunnar á rúmum áratug og ennþá magnaðra ófriðarbáls.

Ástandið í Líbanon var um skeið ísbyggilegra en nokkru sinni fyrr og sættir virðast eiga langt í land. Innrásarher Víetnama í Kamputsheu berst gegn sveitum ríkisstjórnar Norodoms Sihanouks og hlutast til um mál fleiri grannlanda. Á annað hundrað þúsund manna sovéskur her er enn í Afghanistan í miklum erfiðleikum vegna hetjulegrar andstöðu afgönsku þjóðarinnar gegn hernámsliðinu. Stríðið milli Eþíópíuhers og sjálfstæðishreyfingar Eritreu hefur nú staðið í nær tvo áratugi. Borgarastyrjöld er í Chad og nýtur uppreisnarherinn stuðnings Líbýu. Sífelld hernaðaráttök hafa átt sér stað í sunnanverðri Afríku og innrásir hers Suður-Afríku í nágrennaríkin hafa verið tíðar, en nýlega gerðir samningar benda vonandi til minnkandi hernaðaráttaka þar. Borgarastyrjaldir eru háðar í nokkrum ríkjum Mið-Ameríku. Fleiri dæmi um ófrið og vopnuð átök mætti nefna þótt hér verði látið staðar numið.

Við þetta bætist að veröldin er enn í böndum efnahagskreppu, þótt ástandið hafi nokkuð vænkast í iðnvæddu ríkjunum, einkum Bandaríkjunum. En þrátt fyrir batamerkin í efnahagslífi Vesturlanda er atvinnuleysið áfram geigvænlegt vandamál.

Hundruð milljóna manna í heiminum búa við mjög krappan kost eða svelta heilu hungri en talið er að um 800 milljörðum dollara hafi á síðastliðnu ári verið varið til vígbúnaðar í ríkjum heims. Því miður eiga fátækustu þjóðirnar þar einnig sinn hlut að og sumar sívaxandi.

Pegar ástand heimsmála er svo slæmt sem hér hefur verið lýst beinast augu manna gjarna að Sameinuðu þjóðunum.

Víst er að án Sameinuðu þjóðanna væri ástandið í heiminum mun verra í ýmsum heimshlutum en hér hefur verið lýst. Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra vinna ómetanlegt hjálpar- og uppbyggingarstarf, einkum í hinum fátækari löndum heims. En Sameinuðu þjóðunum hefur ekki tekist að stöðva hið geigvænlega vígbúnaðarkapphlaup þrátt fyrir marga tugi ályktana þar um á ári hverju og þeim gengur erfiðlega að skakka vopnuð átök ríkja í milli, m. a. vegna þess að aðildarríkin sem í átökum eiga virða ekki samþykktir Öryggisráðsins um raunhæfar friðaraðgerðir.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna er mikilvægur vettvangur þjóðanna til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og kynnast skoðunum annarra. Þar er mikið talað og margt

ályktað. Dagskrárliðir eru nær hálf tölur annað hundruð og fer fjölgandi á hverju þingi sem stendur frá miðjum september til jóla. Undir sumum dagskrárliðum er gerður fjöldi ályktana. Ályktanir og samþykktir síðasta allsherjarþings voru orðnar 456 talsins er því var frestað. Flestar eru þessar ályktanir efnislega óbreyttar þing eftir þing en taka samt ár eftir ár mikinn tíma í störfum þingsins. Þess vegna heyrast nú þær raddir að nauðsynlegt sé að breyta starfsháttum þingsins, fækka málum og tillögum.

Ekki tókst að ljúka 38. allsherjarþinginu fyrir jól vegna málafjölda og var því frestað fram á þetta ár. Enn er óákveðið hvenær það verður kallað saman til framhaldsfunda, en líklegast talið að það verði nokkrum dögum fyrir setningu 39. þingsins í september n. k.

Í ræðu sinni við frestun 38. allsherjarþingsins í desember sl. gerði forseti þingsins, Jorge E. Illueca frá Panama, vinnubrögð allsherjarþingsins að umtalsefni og spurði m. a. hvort ekki væri ástæða til að ætla, að sú spenna, sem nú ríkir í alþjóðamálum og vaxandi átök sem átt hafa sér stað, eigi sér nokkrar rætur í þeim fjölmörgu vandamálum, sem eru til meðferðar í stofnunum Sameinuðu þjóðanna ár eftir ár án þess að nokkur lausn finnist? Þessi sömu vandamál hafi verið tekin til ítarlegrar meðferðar á þessu þingi. Og þau væru óleyst enn. Staldrá þyrfti við og hugleiða hvort ekki gæti verið að við stæðum ekki rétt að málum og hvort við gætum ekki notað krafta okkar með skynsamlegri og hagnýtari hætti en við höfum gert. Hvort ekki hefði í raun á þessu þingi í mörgum tilvikum aðeins verið endurteknar ræður og ályktanir frá fyrri þingum um mál sem enn væru óleyst.

Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort ekki hefði dregið úr hæfni okkar til að finna lausnir vandamála með því að samþykkja allt of margar ályktanir í allt of mörgum málum í stað þess að einbeita sér að stærstu og mikilvægustu málunum í leit að raunverulegum árangri og hagnýtum lausnum.

Forseti þings Sameinuðu þjóðanna benti í ræðu sinni ennfremur á að árangurinn virtist í öfugu hlutfalli við fjölda ályktana. Þannig hefði þingið samþykkt 63 tillögur um afvopnunarmál. Sumar þeirra skildu fáir aðrir en þeir sérfræðingar sem hefðu samið þær. Málefni Palestínaraba hefðu verið rædd vikum saman í fjórum fastanefndum þingsins sem hefðu samþykkt 20 tillögur um málið. Og 11 ályktanir voru gerðar um kynþáttaaðskilnaðarstefnu S-Afríku (apartheid).

Ég tel að þær spurningar sem forseti allsherjarþingsins beindi til þingheims hafi verið mjög tímabærar og vona að ábendingar hans muni stuðla að bættu vinnulagi og vinnubrögðum í framtíðinni.

Ríkisstjórnir Norðurlanda stóðu á sl. ári sameiginlega að skýrslu og tillögum um eflingu Sameinuðu þjóðanna til að setja niður deilur og vopnuð átök þjóða í milli. Er þar m. a. gert ráð fyrir að auka afskipti Öryggisráðsins af deilumálum áður en til valdbeitingar og vopnaðra átaka kemur og í því sambandi vakin athygli á nauðsyn þess að styrkja stöðu og hlutverk aðalframkvæmdastjóra samtakanna. Hingað til hafa friðargæslusveitir S. þj. eingöngu verið sendar á vettvang eftir að vopnuð átök hafa átt sér stað. Ennþá mikilvægara er að samtökin öðlist aukinn mátt til að koma í veg fyrir átök.

Þessar tillögur Norðurlandanna voru lagðar fyrir 38. allsherjarþingið og Öryggisráðið.

Viðleitnin til að auka mannréttindi og bæta hag þeirra jarðarbúa, sem lifa við bágust kjör hefur einkennt störf Sameinuðu þjóðanna og ýmissa sérstofnana þeirra. Sorglega seint hefur miðað, margt er því óunnið og bágindin víða átakanleg. En það má ekki verða til þess að vanmetið sé það sem gert hefur verið. Þvert á móti þarf þó sá árangur sem náðst hefur að verða hvatning til nýrra átaka.

Vonbrigðin með starf Sameinuðu þjóðanna felast fyrst og fremst í því hve lítið hefur áunnist í afvopnunarmálunum og hve erfiðlega samtökunum hefur gengið að koma í veg fyrir vopnuð átök og stríð eða koma á friði í stríðshráðum löndum. Síðan 1945 er talið að 105 meiriháttar vopnuð átök og stríð hafi verið háð í 66 löndum og í þeim átökum hafi ekki færri en 16 milljónir manna látið lífið. Tæpast er hægt að hafa tölu á þeim fjárfúlgum sem

farið hafa til vígbúnaðar frá stofnun Sameinuðu þjóðanna í lok síðari heimsstyrjaldarinnar 1945. Yfirgangsöfl hafa skapað svo ótryggan heim að jafnvel friðsömustu þjóðir og þær sem frábitnastar eru vopnaburði hafa ekki treyst sér til að hafna þeirri vörn sem vopnin veita gegn ásælni og yfirgangi. Árangur í friðarviðleitni mannkyns næst ekki nema traust milli þjóða vaxi. Því miður hefur nú mjög syrt í álinn. En viðleitnin nú verður að halda áfram með óendanlegri þolinmæði og auknum þrótti.

a. Samskipti austurs og vesturs.

Í byrjun síðasta áratugar fóru samskipti Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra við Vesturlönd mjög batnandi og jukust á flestum sviðum. Hömlum sem verið höfðu á útflutningi háþróaðrar tækni og tæknibúnaður frá Vesturlöndum til Sovétríkjanna og annarra kommúnistaríkja var að mestu aflétt og viðskipti fóru ört vaxandi.

Bandaríkin og Sovétríkin stigu fyrsta skrefið í átt til takmörkunar langdrægra kjarnavopna með SALT I-samningunum. Í kjölfarið kom undirskrift Helsinki-sáttmálans um öryggi og samvinnu í Evrópu. Þetta var tímabil slökunarstefunnar (détente) og Vesturlönd drógu úr vígbúnaði sínum og juku framlög til félags- og velferðarmála. Nýr samningur um takmörkun langdrægra eldflauga SALT II var undirritaður. Samningurinn hefur ekki verið staðfestur af Bandaríkjaþingi, en aðilar eru taldir virða ákvæði hans.

SALT I og SALT II samningarnir fólu ekki í sér neinar takmarkanir á meðaldrægum kjarnaflugum og meðan samningarnir voru í undirbúningi var annar undirbúningur í fullum gangi í Sovétríkjunum: Áætlun um uppsetningu mörg hundruð meðaldrægra flauga sem hver um sig ber þrjá kjarnaodda er skjóta má á sitt hvert skotmarkið allt að 5 þúsund kílómetra leið, þ. e. á skotmörk í gervallri Vestur- og Norður-Evrópu. Sovétríkin hófu uppsetningu þessara SS-20 flauga 1977.

Uggur greip um sig vegna þessarar nýju ógnunar, sem stefnt var gegn Vestur-Evrópu. Vonir manna um áframhald slökunar, er skapaði skilyrði fyrir frekari takmörkun vígbúnaðar, dofnuðu.

Meðan slökunarstefnan stóð sem hæst og eftir að SALT samningarnir höfðu verið gerðir lýstu ráðamenn Sovétríkjanna því opinberlega yfir við hátíðleg tækifæri í samskiptum við vestræn ríki að þeir teldu hernaðarjafnvægi ríkja milli stórveldanna. Þetta ítrekuðu þeir eftir að þeir hófu uppsetningu SS-20 flauganna rétt eins og þær hefðu engin áhrif á jafnvægið í Vestur-Evrópu.

Ráðamenn Vestur-Evrópuríkja með Helmut Schmidt, leiðtoga jafnaðarmanna og kanslara Vestur-Þýskalands, í fararbroddi lögðu fast að Bandaríkjustjórn á árunum 1978 og 1979 að þessari nýju voveiflegu ógnun gegn Vestur-Evrópu yrði svarað með uppsetningu bandarískra meðaldrægra flauga í nokkrum ríkjum Vestur-Evrópu.

Í desember 1979 tók ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins tvíþætta ákvörðun:

1. Hafinn skyldi undirbúningur að uppsetningu Pershing II eldflauga og stýriflauga en uppsetning þeirra skyldi ekki hefjast fyrr en í árslok 1983 og þá lokið á 5 árum, þ. e. í árslok 1988.
2. Hafnar skyldu strax viðræður við Sovétríkin um fækkun kjarnaflauga í Evrópu og skyldi reynt til þrautar að ná slíku samkomulagi á þeim 4 árum sem til stefnu voru, en uppsetning bandarísku flauganna skyldi því aðeins hafin að allar tilraunir til samkomulags við Sovétríkin færu út um þúfur.

Sovétríkin voru treg til þessara viðræðna og hófust þær ekki fyrr en tveimur árum eftir að Atlantshafsbandalagið gerði samþykkt sína.

Í sama mánuði og samþykkt NATO ríkjanna var gerð réðust Sovétríkin með her manna inn í Afganistan í desember 1979. Innrásin leiddi til stórauðinnar spennu og versnandi sambúðar austurs og vesturs. Síðar varð svo alkunn atburðarás í Póllandi og sá óhugnanlegi

verknáður er Sovéttmenn grönduðu kóreskri farþegavél með hátt á 3. hundrað manns til þess að auka viðsjár í alþjóðamálum.

Þessa sögu alla verða menn að hafa í huga þegar meta skal hlutlægt það ástand sem nú ríkir í vígbúnaðarmálum og orsakirnar til þess, að slökunarstefnan í sambúð austurs og vesturs hefur átt svo erfitt uppdráttar sem raun ber vitni.

Er hafin var uppsetning fyrstu Pershing II flauganna í Evrópu seint á sl. ári slitu Rússar m. a. Genfarviðræðunum um fækkun meðaldrægra kjarnaflauga í Evrópu og lýstu yfir að kjarnaflaugar jafnvel enn „fullkomnari“ en SS-20 yrðu líka settar upp í Þýska alþýðulýðveldinu og Tékkóslóvakíu. Þá hafa Rússar aukið kaþbátaferðir sínar suður fyrir Ísland þ. á m. ferðir Delta kaþbáta og lýsa yfir að frá þeim megi hæfa skotmörk í 3000 km fjarlægð.

Atlantshafsbandalagsríkin leggja áherslu á að viðræður hefjist sem fyrst að nýju og hafa gert að tillögu sinni að allar meðaldrægar kjarnavopnaflaugar í Evrópu verði fjarlægðar, en benda á, til vara að uppsetning bandarísku eldflauganna megi stöðva með gagnkvæmum samningum um fækkun slíkra vopna. Svör Rússa hafa verið þau til þessa, að þeir taki ekki upp viðræður að nýju fyrr en Pershingflaugarnar hafa allar verið teknar niður. Þeir ætlast því til meira af mótherjum sínum en sjálfum sér — og vilja halda því forskoti sem þeir hafa skapað sér.

Helsti Þrándur í Götu raunhæfs árangurs í samningum um afvopnun, er andstaða Sovétríkjanna gegn fullnægjandi gagnkvæmu eftirliti til að tryggja að samningar séu haldnir.

Sovétríkin reyna að breiða yfir þessa andstöðu með áróðursherferð á alþjóðavettvangi fyrir samningum um almennt orðaðar yfirlýsingar þess efnis, að ríki skuldbindi sig til þess að beita ekki kjarnavopnum að fyrra bragði eða valdi í samskiptum ríkja.

Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er megininntakið að ekki skuli beita valdi í samskiptum ríkja — og þá að sjálfsögðu þar með alls ekki hinum gereyðandi kjarnorkuvopnum. Eitt meginatriði í Helsinki-sáttmálanum um öryggi og samvinnu í Evrópu er einmitt að aðilar sáttmálans beiti ekki valdi í samskiptum við önnur ríki. Þannig eru því miður margar af tillögum Sovétríkjanna endurtekningar á skuldbindingum sem ríki hafa þegar samþykkt. Það er stundum engu líkara en með slíkum endurtekningum og hjakki í sama fari sé verið að draga athyglina frá hinum brennandi vandamálum og raunhæfum ráðstöfunum til afvopnunar.

Nú fara viðræður um afvopnunarmál fram á fundum afvopnunarnefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf, á fundum fulltrúa Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins í Vín um gagnkvæman samdrátt herafla í Evrópu og síðast en ekki síst á Stokkhólmsráðstefnunni.

Stokkhólmsráðstefnunni er ætlað að ræða ráðstafanir til þess að auka traust ríkja á milli og menn gera sér vonir um að sá árangur náist að samningaviðræður risaveldanna um takmörkun meðaldrægra kjarnaflauga (INF) og langdrægra kjarnaflauga (START) hefjist að nýju.

Bið kann að verða á því, en Stokkhólmsráðstefnunni er ætlaður rúmur tími. Sumir hafa gert sér vonir um að leiðtogaskiptin í Sovétríkjunum geri þeim auðveldara að ganga til samninga, en fátt bendir til þess og meðal annars er talið, að stefnubreytingar Sovéttmanna sé ekki að vænta fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum í nóvember nk.

Í yfirlýsingu nýafstaðins utanríkisráðherrafundar Varsjárbandalagsins í Búdapest er lögð áhersla á að raunhæfar viðræður á jafnréttisgrundvelli séu nauðsynlegar til þess að slökunarstefnan geti aftur orðið ráðandi og ríkin lýsa sig reiðubúin til slíkra viðræðna. Engu að síður binda ráðherrarnir upptöku slíkra viðræðna sömu óraunhæfu skilyrðum og Sovéttmenn höfðu áður lýst yfir.

b. Madridráðstefnan.

Madridráðstefnunni lauk formlega með fundi utanríkisráðherra þátttökuríkjanna dagana 7.—9. september 1983 og voru þá nærri 3 ár frá upphafi hennar. Tilgangur ráðstefnunnar var að ganga til ítarlegra umræðna bæði um framkvæmd lokasamþykktarinnar frá Helsinki og lausn þeirra verkefna sem lokasamþykktin kveður á um. Einnig var í Madrid rætt hvernig unnt væri að auka gagnkvæm samskipti, styrkja öryggi og samvinnu í Evrópu og efla viðleitnina til að draga úr spennu í framtíðinni. Þrátt fyrir verulegan ágreining tókst samkomulag um lokaskjal ráðstefnunnar. Áttu hlutlausu og óháðu ríkin í Evrópu stóran þátt í því að málamiðlun náðist milli þátttökuríkjanna um raunhæft lokaskjal.

Pegar tekið er tillit til ástands alþjóðamála undanfarin ár verður að telja að sá árangur sem náðist í Madrid feli í sér vilja allra þátttökuríkjanna 35 til þess að efla samstarf sitt innbyrðis. Aukin samvinna á sviði mannréttinda og mannúðarmála annars vegar og öryggismála hins vegar voru meginverkefni ráðstefnunnar. Á fyrrnefnda sviðinu náðist samkomulag um aukin réttindi einstaklingsins að því er varðar verkalýðsmál, þróun mannlegra tengsla og endursameiningu fjölskyldna, iðkun trúarbragða, upplýsingamál, starfsaðstöðu blaðamanna og frjálstan aðgang að erlendum sendiráðum og ræðisskrifstofum. Auk þess varð samkomulag um að gera verulegt átak í baráttunni gegn hryðjuverkum.

Í öryggismálum varð samkomulag um að halda Afvopnunarráðstefnu Evrópu í Stokkhólmi er fjalli fyrst um auknar aðgerðir til að efla traust og öryggi í Evrópu og síðar um afvopnun á breiðari grundvelli.

Madridráðstefnan ákvað að næsta framhaldsráðstefna til að meta árangur og ráðgast um frekari framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar frá 1975 um öryggi og samvinnu í Evrópu hefjist í Vínarborg í nóvember 1986.

Auk þess ákvað Madridráðstefnan eftirfarandi fundi og ráðstefnur innan ramma Helsinki-samþykktarinnar:

- 1) Um friðsamlega lausn deilumála í Aþenu 21. mars 1984.
- 2) Um Miðjarðarhafsmálefni í Feneyjum 16.—26. október 1984.
- 3) Um mannréttindamál er hefjist 7. maí 1985 í Ottawa. Undirbúningsfundur var ákveðinn 23. apríl 1985.
- 4) Fundarhöld í Helsinki vegna 10 ára afmælis Helsinki-samþykktarinnar, væntanlega í byrjun ágúst 1985.
- 5) Um menningarmál í Búdapest 15. október 1985, ásamt undirbúningsfundi þar 21. nóvember 1984.
- 6) Um hin mannlegu tengsl er hefjist 15. apríl 1986, í Bern, ásamt undirbúningsfundi 2. apríl það ár.

--Gert er ráð fyrir að Stokkhólmsráðstefnan og fundir þessir skili skýrslum til áðurnefndrar framhaldsráðstefnu í Vínarborg haustið 1986 — og verða þar teknar frekari ákvarðanir um framhaldið.

Vonir stóðu til að samkomulagið í Madrid myndi skapa skilyrði fyrir raunhæfri gagnkvæmri afvopnun en svo hefur enn ekki orðið. Framhald Helsinki-ferilsins var hins vegar a. m. k. að forminu til tryggt með ákvörðuninni um Afvopnunarráðstefnu Evrópu í Stokkhólmi og Vínarfundinn 1986. Á sérfræðingafundunum um mannréttindamál og hin mannlegu tengsl gefast tækifæri til að ræða frekar framkvæmd Helsinki lokasamþykktarinnar og Madrid-samkomulagsins og veita þeim ríkjum, sem hafa vanefnt þessa samninga nauðsynlegt aðhald. Þótt útlitið sé ekki gott í bili verður að gera sér vonir um, eins og kom fram í lokaræðu minni í Madrid, að efndirnar verði í samræmi við ákvæði Madrid skjalsins og skilningur og samvinna ráði ferðinni þannig að þátttökuríkin geti lifað saman, unnið saman og stuðlað að raunhæfari samskiptum byggðum á friði, öryggi og réttlæti.

c. Stokkhólmsráðstefnan.

Stokkhólmsráðstefnan um eflingu trausts og öryggis- og afvopnun í Evrópu 17. janúar 1984 en undirbúningsfundur var haldinn í Helsinki fyrir áramótin. Hún mun starfa 6—8 mánuði á ári næstu þrjú árin.

Stokkhólmsráðstefnan fjallar um sameiginlegar aðgerðir til að efla öryggi og traust í allri Evrópu frá Atlantshafi til Úralfjalla. Svæðið sem aðgerðum er ætlað að spanna náði skv. Helsinki-samþykktinni 1975 einungis 250 km inn í Sovétríkin en samkvæmt Madrid-samkomulaginu mun svæðið ná til alls Evrópuhluta Sovétríkjanna og ennfremur til aðliggjandi hafsvæðis eða loftrýmis þátttökuríkja í Evrópu eftir því sem við á.

Við upphaf Stokkhólmsráðstefunnar lögðu Atlantshafsríkin þegar fram tillögur sem fjalla efnislega um ráðstafanir til að auka gagnkvæmt traust með upplýsingum um herskipan og æfingar, tilkynningarskyldu um herflutninga eða heræfingar og virkt eftirlit þar að lútandi. Óháðu ríkin í Evrópu lögðu einnig fram tillögur sem ganga mjög í sömu átt og var þar m. a. vísað til ákvæða Helsinki-sáttmálans um að ríki beiti ekki valdi í samskiptum sínum. Varsjárbandalagsríkin hafa hins vegar engar tillögur lagt fram en í ræðum endurtekið málflytning frá síðasta allsherjarþingi S. þj. og lýst hugmyndum um samning um að beita ekki valdi í samskiptum ríkja og verða ekki fyrst til að beita kjarnorkuvopnum rétt eins og stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og Helsinki-sáttmálinn væru ekki til.

Vonandi tekur ráðstefnan markvissar á málum þegar störf verða tekin upp að nýju eftir fundarhlé það er stendur síðan um miðjan mars sl. til 8. maí nk.

d. Afvopnunarmál.

Þróun afvopnunarmála almennt undanfarið ár hefur áfram einkennst af viðsjálu ástandi alþjóðamála og því kuldakasti í samskiptum stórveldanna sem að framan hefur verið lýst. Viðræður stórveldanna í Genf um meðaldræg (INF) og langdræg (START) kjarnorkuvopn héldu þó áfram mestan hluta sl. árs, uns fulltrúar Sovétríkjanna hættu þátttöku í viðræðunum um meðaldrægar kjarnorkuflaugar hinn 23. nóvember 1983 er þjóðþingin í Bretlandi, Ítalíu og Sambandslýðveldinu Þýskalandi höfðu samþykkt í samræmi við hina tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsins frá 1979 að nýjum meðaldrægum kjarnorkuvopnum skyldi komið fyrir til mótvægis við SS—20 flaugar Sovétmanna. Um svipað leyti var START-viðræðunum í Genf um langdræg kjarnorkuvopn frestað að tilhlutan Sovétmanna án þess að nokkuð væri ákveðið um framhaldið. Þessi spenna sem ríkt hefur milli stórveldanna undanfarin ár hefur einnig leitt til þess að lítill sem enginn árangur hefur orðið á öðrum sviðum afvopunarviðræðna. Þannig varð enginn raunhæfur árangur í afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf. Árangur í beinum viðræðum stórveldanna virðist vera lykillinn að æskilegri þróun annarra samninga og viðræðna um afvopnunarmál og skyld efni.

Afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf ræddi ítarlega um gerð alþjóðasamnings um algert bann við kjarnorkutilraunum en hvorki Frakkland né Kína tóku þátt í þessum umræðum sem fóru fram í sérstakri undirnefnd. Eitt megin ágreiningsefnið er hversu víðtækt slíkt bann skuli vera. Flest Vesturlönd vilja að bannið nái jafnt til tilrauna með kjarnorkuvopn og kjarnorkusprenginga í friðsamlegum tilgangi en nokkur önnur ríki vilja leyfa slíkar sprengingar í friðsamlegum tilgangi þótt mjög erfitt sé að greina þar á milli. Einnig voru skoðanir um fyrirkomulag eftirlits mjög skiptar.

Afvopnunarnefndin í Genf ræddi einnig um leiðir til þess að kjarnorkuvopnakapphlaupinu verði hætt og um kjarnorkuafvopnun almennt. Ekkert samkomulag varð um hlutverk nefndarinnar í þessum efnum en ýmsar hugmyndir voru ræddar án niðurstöðu. Af hálfu Vesturlanda var lögð áhersla á það takmark að koma í veg fyrir hvers konar styrjaldir hvort sem um venjuleg vopn eða kjarnorkuvopn væri að ræða.

Nú fyrir skemmstu lögðu Bandaríkjamenn fram í Genf drög að alþjóðasamningi um bann við eiturefnavopnum. Er þar einnig um brýnt mál að ræða ekki síst eftir að talið er að farið sé að beita slíkum vopnum. Sovétmenn telja tillögur þessar ekki raunhæfar.

Umræður um afvopnunarmálin í fyrstu nefnd 38. allsherjarþingsins fóru fram með hefðbundnum hætti. Fjöldi tillagna var með mesta móti og margar svipaðs eðlis, eins og vikið var að frammar í skýrslu þessari. Nokkrar þessara tillagna sem fjölluðu um frystingu kjarnorkuvopna urðu tilefni umræðna á Alþingi fyrir áramótin en Ísland ýmist sat hjá við afgreiðslu þeirra eða greiddi atkvæði gegn þeim, aðallega af svipuðum ástæðum og fyrirrennari minn í starfi gerði grein fyrir í síðustu skýrslu um utanríkismál til Alþingis á sl. ári. Frysting kjarnorkuvopna er í raun óframkvæmanleg nema með samkomulagi kjarnorkuveldanna sjálfra, þ. á m. um raunhæft eftirlit.

Ísland tók eins og kunnugt er þátt í hinni tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsríkja 12. desember 1979 um að næðust ekki samningar við Sovétríkin bæri að koma fyrir 572 nýjum meðaldrægum flaugum til varnar Vestur-Evrópu til jafnvægis við ógnun SS-20 flauga Sovétmanna. Yfirburðir Sovétríkjanna á sviði kjarnorkuvopna og venjulegs vopnabúnaðar í Evrópu voru til þess fallnir að auðvelda þeim að beita og auka pólitískan þrýsting til þess að ná vilja sínum fram. Mundi það að minni hyggu eyða líkum á að samningar um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun takist, ef varanlegir yfirburðir Sovétríkjanna yrðu viðurkenndir. Engin von væri þá til að þau vildu semja sig úr þeirri stöðu. Hins vegar geta viðhorfin fljótt breyst að þessu leyti og ber því að fylgjast vel með þróun mála og leita allra ráða til að stöðva kjarnavopnakapphlaupið.

Samhliða endurnýjun bandarískra kjarnorkuvopna í Evrópu hafa Atlantshafsbandalagsríkin ákveðið fækkun 2400 kjarnasprengja í álfunni og er sú fækkun vel á veg komin.

Ísland gerðist á 38. allsherjarþingi S. þj. meðflytjandi að ályktunartillögum um könnun á vígbúnaði á hafinu, þ. á m. kjarnorkuvígbúnaði, og var hún samþykkt. Auk Íslands, stóðu m. a. Austurríki, Finnland og Svíþjóð að þessari tillögu. Gert er ráð fyrir að 40. allsherjarþingið árið 1985 fái niðurstöður þessarar könnunar til umfjöllunar.

Í ræðu minni við upphaf allsherjarþingsins komst ég svo að orði um þetta efni:

„Við Íslendingar byggjum afkomu okkar fyrst og fremst á auðlindum sjávarins. Við höfum því miklar áhyggjur af vígbúnaði í hafinu. Lítilsháttar óhapp, að ekki sé talað um meiriháttar slyss, getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fiskstofna okkar og þar með allan efnahag. Þetta skiptir ekki eingöngu Íslendinga heldur og okkur öll máli. Verndun hafsins sem matarkistu fyrir milljónir sveltandi manna er lífsnaðsyn og okkur er öllum skylt að vinna saman að því að koma í veg fyrir hvers konar mengun hafsins. Okkur ber sífellt að hafa þetta í huga og haga gerðum okkar samkvæmt því.“

Viðræðunum í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð heraflla og venjulegs vopnabúnaðar virtist lítið miða á sl. ári. Eftir hlé sem varð vegna afstöðu Sovétríkjanna hafa þær nú verið teknar upp að nýju og lögðu fulltrúar NATO-ríkja fram nýjar tillögur til málamiðlunar nú fyrir skemmstu. Tillögur þessar taka m. a. mið af tregðu Austur-Evrópuríkjanna að veita fullar upplýsingar um herstyrk sinn við upphaf fækkunar, en þetta atriði hefur verið eitt helsta vandamálið í viðræðunum. Hafa vestrænu ríkin nú dregið úr kröfum sínum að þessu leyti og reynt í fleiri eignum að liðka til fyrir samkomulagi. Stefnt er að því að í samkomulagi felist fækkun landherja hvors aðila í 700 þúsund manns og að samanlagður land- og flugher hvors um sig verði eftir fækkunina ekki yfir 900 þúsund manns. Um þetta takmark eru aðilar sammála.

Lýðræðisríkin hljóta að leggja síaukna áherslu á stöðvun vopnakapphlaupsins, enda verða þau að sækja heimild til aukinna skattaálaga vegna vígbúnaðar til kjósenda. Þótt einræðisríkin búi ekki við slíkt aðhald frá þegnum sínum, þá er efnahag þeirra eins og Sovétríkjanna svo hátt að getu þeirra til takmarkalausra vígbúnaðarútgjalda hljóta einnig

að vera takmörk sett. Þegar við bætist ógn sú sem öllum stafar af gereyðingarvopnum hljóta menn einnig austan tjalds, þótt friðarhreyfingar hafi þar ekki frelsi til áhrifa, að hugsa sinn gang, áður en til örþrifaráða er gripið.

Skilyrði almennrar afvopnunar og þar með ekki eingöngu frystingar kjarnorkuvopna heldur fækkunar þeirra eru:

1. Að enginn geti í krafti hernaðaryfirburða sinna sagt öðrum fyrir verkum, síst af öllu lokuð einræðisríki.
2. Að samkomulagi um markvissa alhliða og gagnkvæma afvopnun sé fylgt eftir með tryggu, alþjóðlegu og opnu eftirliti.

e. Austurlönd nær.

Borgarastyrjöldin í Líbanon hefur nú staðið í nærri fullan áratug og eru þar miklu hörmungar sem hún hefur haft í för með sér nær ólýsanlegar. Utanaðkomandi öfl hafa hellt olíu á eld átaka hinna stríðandi afla borgara Líbanons sem eru af ólíkum trú- og ættflokkum. Landið er hersetið af Sýrlendingum og Ísraelsmönnum og PLO, samtök Palestínumanna, réðu lengi lögum og lofum á vissum landsvæðum. Fram til þessa hafa allar tilraunir til að ná þjóðarsátt í Líbanon mistekist. Þegar þetta er ritað á svo að heita að vopnahléi hafi verið komið á. Hefur það gerst áður en verið illa haldið. E. t. v. eru þó horfur á samkomulagi lítið eitt betri nú en fyrr.

Ísraelsmenn réðust inn í Líbanon sumarið 1982 til þess að hamla gegn skæruliðaárásum á Ísrael af líbönsku landsvæði. Þeir hafa hingað til virt að vettugi fyrirmæli Öryggisráðsins um að draga heri sína til baka. Biðu Ísraelar mikinn álitshnekki, er þeir létu viðgangast að andstæðingar Palestínumanna færu inn í búðir þeirra í Beirút til hinna hryllilegustu fjöldamorða.

Í maí 1983 tókst fyrir milligöngu Bandaríkjanna að ná samkomulagi milli ríkisstjórna Ísraels og Líbanons um brottflutning hers Ísraelsmanna. Þessi samningur bar því miður ekki tilætlaðan árangur þar sem Sýrlendingar og PLO neituðu að verða á brott samtímis Ísraelsher svo sem áskilið hafði verið. Í framhaldi af þessu varð samkomulag milli Líbanons og Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Ítalíu um að þessi vestrænu ríki sendu allöflugar friðargæslusveitir til Beirút til að halda uppi lögum og reglu. Þær gerðu gagn en höfðu þó tæpast erindi sem erfiði. Spennan og átökin mögnuðust og sjálfsmorðssveitir ollu miklu mannfalli í gæsluliði Bandaríkjanna og Frakklands. Hafa vestrænu sveitirnar nú verið dregnar til baka. Áhugi var á að gæslusveitir Sameinuðu þjóðanna tækju við friðargæslu í Beirút en Sovétríkin hindruðu það með neitunarvaldi sínu í Öryggisráði S. þj. Líbanonstjórn hefur nú nýlega sagt upp samkomulaginu við Ísrael frá í maí 1983.

Uppreisn öflugs flokks palestínskra skæruliða gegn Yassir Arafat leiðtoga PLO leiddi til þess að Arafat og menn hans hröktust frá Líbanon. Var Arafat og lið hans flutt til Túnis á grískum skipum sem fallist var á að sigldu undir fána Sameinuðu þjóðanna er hótanir höfðu verið uppi um að granda skipunum. Eftir vinslit við Assad Sýrlandsforseta sem studdi andstæðinga Arafats er nú komið á samband milli hans og Egypta en frá því Sadat Egyptalandsforseti gekk til samninga við Ísraela hafði ríkt fullkomið hatur þar á milli.

Þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli Öryggisráðsins halda Ísraelsmenn áfram miklu landnámi á herteknum svæðum utan landamæra sinna. Ísraelsmenn eiga vissulega í vök að verjast. Mörgum þykir þeir þó hafa sýnt meiri óbilgirni en réttlætanleg sé. Tilraunir til þess að telja Ísraelsstjórn hughvarf hafa ekki borið verulegan árangur. Ísraelsstjórn fer sínu fram og hefur því einangrast nokkuð á alþjóðavettvangi.

Erfitt er að spá um framvinduna í Austurlöndum nær á komandi misserum. Kosningar hafa verið ákveðnar í Ísrael í lok júlí n. k. en hvort hugsanleg stjórnarskipti leiði til verulegra breytinga á stefnu Ísraela er stuðlað geti að samningum skal ósagt látið. Samningar eru líka

undir fleirum komnir. Ályktanir Öryggisráðsins nr. 242 (1967) og 338 (1977) eru áfram sá grundvöllur sem byggja verður á ef viðunandi heildarsamkomulag á að nást í þessum hrjáða heimshluta. Tryggja þarf öryggi allra ríkja á svæðinu þ. á m. Ísraels innan ljósra landamæra jafnframt því sem tekið verði fullt tillit til þjóðréttinda Palestínnumanna.

Styrjöld Íraks og Írans heldur enn áfram og engin teikn eru um það að henni sé að linna. Allar tilraunir til þess að koma á samningaviðræðum um stjórnmalalega lausn hafa farið út um þúfur. Ayatolah Khomeini setur þau skilyrði fyrir slíkum samningum að fyrst verði Írakar að skila öllu herteknu landi og valdhafaskipti að hafa átt sér stað í Bagdad. Mannfall í Íran-Írak stríðinu er orðið meira en í öllum öðrum átökum í Mið-Austurlöndum síðan 1948 og nú síðast hafa borist óhugnanlegar fréttir um beitingu eiturefnavopna í þessum átökum.

Svipaða sögu er að segja um samkomulagsumleitunir til pólitískrar lausnar í Afghanistan. Þar eru það Sovéttmenn sem setja skilyrðin. Þau eru að fyrst verði „heimsvaldasinnar“ að hætta öllum afskiptum af innanríkismálum Afghanistan og að ríkisstjórn Karmals verði viðurkennd sem eini löglegi fulltrúi afgönsku þjóðarinnar í væntanlegum samningum. Baráttuprek afgönsku frelsissveitanna virðist enn óbugað þótt þær eigi við mikið ofurefli liðs og vopnabúnaðar að etja. Veita þær hernámshliði Sovétríkjanna sem nú telur töluvert á annað hundrað þúsund hermenn öflugt viðnám. Sovéttmenn hafa svarað með því að jafna við jörðu bæi og þorp sem þeir telja að styðji frelsissveitirnar og taka af lífi alla íbúa, karla, konur og börn. Böf afgönsku þjóðarinnar er átakanlegt. En um leið hefur innrás yfirgangsflanna þar náð að spilla andrúmslofti í samskiptum einræðisríkjanna og hins frjálssa heims með þeim afleiðingum að engir samningar nást um knýjandi úrlausnarefni.

f. Sunnanverð Afríka.

Þrátt fyrir sífella fordæmingu gjörvallrar heimsbyggðarinnar heldur minnihluta-ríkisstjórn hvíttra manna í Suður-Afríku fast við kynþáttaaðskilnaðarstefnu sína (apartheid). Nýlega voru samþykktar í „þjóðaratkvæðagreiðslu“ hvíttra manna breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Suður-Afríku sem í orði kveðnu eiga að draga úr misréttinu en margir óttast að geti í raun orðið til þess að festa enn í sessi hið hróplega réttlæysi mikils meirihluta íbúanna. 38. allsherjarþingið fordæmdi þessar breytingar.

Þá þverskallast Suður-Afríkustjórn við að hlíta fyrir mælum Öryggisráðsins um að láta Namibíu af hendi. Namibía er gæsluverndarsvæði Sameinuðu þjóðanna og hafa þær fyrir löngu svipt Suður-Afríkustjórn umboði til afskipta þar. Stjórnmalahreyfingin SWAPO hefur háð skæruhernað gegn her Suður-Afríku í Namibíu hátt á annan áratug og her Suður-Afríku hefur í sífellu gert innrásir í nágrennaríkin þar sem skæruliðar hafa aðsetur, einkum Angólu og Mósambík.

Eftir samþykkt Öryggisráðsins nr. 435 (1978) um sjálfstæði Namibíu hafa verið gerðar margítrekaðar tilraunir til að fá Suður-Afríkustjórn til þess að fallast á þá leið til sjálfstæðis Namibíu er þar var mörkuð. Suður-Afríkustjórn hefur ekki vísað fyrir mælum ályktunarinnar algerlega á bug heldur sett ýmis skilyrði og fyrirvara. Veigamesti fyrirvari Suður-Afríkustjórnar hefur verið og er enn sá að allar hersveitir Kúbu verði á brott frá Angólu áður en ályktanir 435 og 539 (1983) verði framkvæmdar.

Í febrúar og mars sl. voru gerðir samningar um vopnahlé milli Suður-Afríku og Angólu og Mósambík. Þessir samningar komu mjög á óvart jafnvel þeim sem fylgst hafa best með þróun mála í sunnanverðri Afríku. Menn vona, að samningar þessir verði vísir að frekari lausn ágreiningsmála suður þar og að kúbanska herliðið fari brott frá Angólu í áföngum þannig að opnuð verði leið til fulls sjálfstæðis Namibíu. Efnahagsleg rök styðja einnig slíka ráðstöfun þar sem styrjöldin og útgerð kúbönsku hersveitanna hefur orðið Angólu efnahagslega mjög þung í skauti.

Norrænu ríkin hafa verið mjög framarlega í hópi þeirra ríkja sem fordæma kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar og styðja sjálfstæði Namibíu. Að frumkvæði utanríkisráðherra Svíþjóðar hefur verið ákveðið að halda sameiginlegan fund utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum nágrannaríkja Suður-Afríku (Angóla, Botswana, Mósambík, Tanzaníu, Zambíu, Zimbabve) í Stokkhólmi 20.—21. júní n. k. til þess að fjalla um ástandið í sunnanverðri Afríku og möguleika til að bæta það.

g. Mið- og Suður-Ameríka.

Í þessum heimshluta hefur athyglin einkum beinst að ástandinu í El Salvador og Nicaragua. Í báðum löndum ríkir borgarastyrjöld, þar sem hin stríðandi öfl njóta utanaðkomandi aðstoðar.

Í Nicaragua batt sigur „Þjóðfrelsinhreyfingar Sandinista“ (FSLN) enda á hálftrar aldar samfellda einræðisstjórn harðstjóra er Somoza hershöfðingja var steypt af stóli 1979. Við tók fimm manna ríkisstjórn (junta) sandinista, sem hét frjálsum kosningum innan tveggja ára, fullum mannréttindum og fjölflokkakerfi, blönduðu hagkerfi og hlutleysisstefnu í utanríkismálum. Eftir fall Somoza þurfti sandinistastjórnin mjög á efnahagsaðstoð að halda og veittu ýmis vestræn ríki henni verulega aðstoð á fyrstu tveimur stjórnarárunum. Mest lögðu Bandaríkin til eða um 150 milljónir dollara. Kúba lagði stjórninni hins vegar til vopn, hernaðarsérfræðinga og kennara. Her og varalið telur 75 þúsund manns sem er stærsti her í Mið-Ameríku en auk þess eru um 2 þúsund kúbanskir hermenn og öryggisráðgjafar í Nicaragua og fjöldi sérfræðinga frá Austur-Þýskalandi, Lýbíu, PLO o. fl.

Sandinistastjórnin naut stuðnings og samúðar lýðræðisríkjanna í upphafi valdaferils síns og vonir stóðu til að staðið yrði við þau heit að koma á lýðræðisskipulagi. Þróun mála hefur orðið önnur. Marxist-Leninistar hafa náð undirtökunum í Sandinistahreyfingunni og landið þróast hratt á átt til einræðisstjórnar í nánu sambandi við Moskvu og Havana. Þessi þróun hefur skapað ugg meðal nágrannaþjóðanna enda hafa herskáustu foringjar sandinista lýst því yfir að þeir stefni að „byltingu án landamæra“.

Sandinistar hafa nú ákveðið að kosning forseta og þjóðþings skuli fara fram í nóvember nk., en ekki er enn ljóst hvernig framkvæmd kosninganna verður eða hverjir fá að bjóða fram.

Í El Salvador berjast vinstri sinnaðir skæruliðaflokkar FMLN („þjóðfrelsinhreyfingin“) gegn stjórninni og hryðjuverk, morð og hvers konar mannréttindabrot eru stunduð af öfgaöflum til hægri og vinstri. Forsetakosningar fóru fram í El Salvador 25. mars sl. Enginn frambjóðenda hlaut tilskilinn meirihluta og verður kosið milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu í maí nk. Kosningar við þær aðstæður sem nú ríkja í Nicaragua og El Salvador eru því miður ekki líklegar til að leysa þau miklu pólitísku og félagslegu vandamál sem þar er við að etja eða binda enda á borgarastyrjöldina.

Rætur átakanna í Mið-Ameríku liggja í þeim efnahagslegu og félagslegu vandamálum þessa heimshluta sem ekki verða leyst með hernaði. Örfá prósent íbúanna eiga meirihluta þjóðarauðæfa og allur þorri íbúanna er bláfátækur og menntunarsnauður. Þessi misskipting auðsins og skortur lýðrættinda er undirrot ólgunnar. Vonir hefðu því átt að standa til þess, að unnt reyndist að leysa þessi vandamál í tengslum við þróunarsamvinnu norðurs og suðurs, en augljóst er, að Kúbu- og Sovéttmenn nýta sér ólguna og snúa henni í deilur og spennu milli austurs og vesturs.

Vonir manna um frið í Mið-Ameríku eru einkum bundnar við friðaráætlun Contadora-hópsins (Mexíkó, Venesúela, Columbíu, Costa Rica og Panama). Mikilvægasta tillagan í þessari áætlun kveður á um takmörkun og eftirlit með vopnum og herjum í þessum ríkjum; tímaáætlun um brottför erlendra hernaðarsérfræðinga frá svæðinu, afvopnun skæruliða-sveita og útilokun vopnasendinga til þeirra frá erlendum ríkjum; tímaáætlun um undirbúning

fjálsra lýðræðislegra kosninga í friðuðu umhverfi, fulla virðingu fyrir mannréttindum og markvissar umbætur í félags- og efnahagsmálum. Varanleg lausn finnst ekki nema hún sé reist á grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda og réttlátari skiptingu tekna og eigna. Þetta er megin inntakið í tillögum Contadora-hópsins og njóta þær stuðnings mikil meirihluta þjóða heims. Bandaríkin styðja einnig þessar tillögur í grundvallaratriðum.

Í tillögum nefndar er Kissinger fyrrum utanríkisráðherra veitti forystu og lagðar hafa verið fyrir Bandaríkjaþing er lagt til að Bandaríkin veiti 8.4 milljörðum dollara til svæðisins til að stuðla að framkvæmd Contadora-áætlunarinnar. Nefndin telur þó einnig tímabundna hernaðaraðstoð við El Salvador og Honduras nauðsynlega meðan uppreisnaröflin njóti hernaðaraðstoðar og vopnasendinga utanað frá.

Bandaríkin og nágrannaríkin á karabísku eyjunum fóru með herlið til Grenada í október sl. en stjórnleysi og upplausnarástand ríkti þá á eyjunni. Forsætisráðherra landsins hafði verið myrtur og landstjórinn í samvinnu við nágrannaríkin hafði farið fram á aðstoð Bandaríkjanna við að koma á friði og tryggja sjálfsákvörðunarrétt íbúanna. Engu að síður var talið að um alvarlegt brot á alþjóðalögum og skerðingu á sjálfstæði Grenada væri að ræða eins og fram kom í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem harmaði mjög þessa hernaðaríhlutun. Ísland var meðal þeirra ríkja sem greiddu ályktuninni atkvæði. Áhersla var þar lögð á að erlent herlið hyrfi frá Grenada og efnt yrði til frjálsra kosninga sem fyrst. Bandaríski herinn varð nær allur á brott aftur frá eyjunni fyrir áramót og eru þar nú nokkur hundruð hermenn og sérfræðingar frá nágrannaríkjunum og Bretlandi við löggæslustörf og til þjálfunar lögreglu eyjanna og embættismanna. Unnið er að undirbúningi frjálsra kosninga á eyjunni með þátttöku allra stjórn málaflokka.

Ánægjulegustu umskiptin sem orðið hafa í málefnum Mið- og Suður-Ameríku á sl. ári er stjórnarbreytingin í Argentínu eftir 7 ára ógnarstjórn herforingja í landinu. Mannréttindabrot voru víðtæk og óhugnanleg og alræmd tíð mannhvörf. Tugþúsundum saman hurfu andstæðingar stjórnarinnar sporlaust. Þeir höfðu verið líflátnir og lík þeirra husluð í fjöldagröfum.

Hinn nýi forseti landsins, Raúl Alfonsín, sem kjörinn var í lýðræðislegum kosningum hefur hafið málssókn gegn leiðtogum herforingjastjórnarinnar fyrir mannréttindabrot. Vandamálin sem hin nýja lýðræðisstjórn Argentínu hefur við að kljást eru gífurleg. Þjóðin er reyrd í viðjar erlendra skulda, efnahagur almennings bágur og verðbólga gífurleg, en svipuðu máli gegnir raunar um flest ríki álfunnar, þ. á m. Brasilíu. Það yrði þessari heimsálfu ómetanlegur styrkur ef það tekst að treysta lýðræði og mannréttindi í Argentínu og koma efnahag og félagsmálum á öruggari grundvöll.

Í Chile er áfram við völd einræðisstjórn herforingja og hefur andstöðuöflum gegn henni vaxið fiskur um hrygg. Verkföll og mótmælaaðgerðir hafa verið tíðar þótt hvort tveggja sé bannað.

Ísland hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna stutt eindregið ályktanir sem fordæmt hafa mannréttindabrot í ríkjum latnesku Ameríku. Vísast um þau efni nánar til sérstakrar skýrslu um þátttöku Íslands í störfum allsherjarþingsins.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

Pátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana var á undanfögnu ári með svipuðum hætti og áður. Um samstarf við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu.

a. Sameinuðu þjóðirnar.

Veigamestu alþjóðamálum sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna eru gerð skil í öðrum köflum þessarar skýrslu. Jafnframt fylgir að venju sérstök ítarleg skýrsla fastanefndar Íslands um störf síðasta allsherjarþings. Í henni er í samþjöppuðu formi greint frá afgreiðslu tillagna á þinginu, þ. á m. nokkurra tillagna sem Ísland var meðflytjandi að en skrá yfir þær birtist sem fylgiskjal 2 aftast í þessari skýrslu.

Ísland er einnig aðili að flestum sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðastofnum, sbr. skrá í fylgiskjali 1. Margar sérstofnananna, m. a. Alþjóðavinnuálastofnunin (ILO), Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO), Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO), Tolla- og viðskiptastofnunin (GATT) og Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hafa aðsetur í Genf, þar sem önnur fastanefnd annast fyrirvar Íslands jafnframt því að vera fastanefnd hjá EFTA, Fríverslunarsamtökum Evrópu. Þá er í Genf skrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu með ýmsum deildum samtakanna t. a. m. mannréttindadeild, flóttamannafulltrúa (UNHCR), neyðarhjálparskrifstofu (UNDRO), efnahagsnefnd fyrir Evrópu o. fl. Hefur Ísland margvíslegt gagn af þessu fjölbætta alþjóðasamstarfi.

b. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) er ein sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og hefur aðsetur í París. Sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá UNESCO (og einnig hjá OECD). Á þingi UNESCO á síðasta ári sem Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra sótti var Ísland kjörið til að taka sæti Norðurlanda í framkvæmdastjórn UNESCO. Gegnir Andri Ísaksson prófessor, sem um langt árabíl var ritari íslensku UNESCO-nefndarinnar, því starfi.

Að loknu UNESCO-þinginu ákvað Bandaríkjastjórn að segja Bandaríkin úr samtökunum frá næstu áramótum að telja. Er það stofnuninni mikið áfall, ef úrsögnin kemur til framkvæmda, m. a. þar sem Bandaríkin hafa staðið undir fjórðungi af heildarútgjöldum hennar. Bandaríkjastjórn rökstuddi úrsögn sína með því að starfsemi og stjórn UNESCO beindist um of að beinum pólitískum markmiðum sem væru utan við svið samtakanna og afstaðan oft óeðlilega andsnúin Vesturlöndum. Allt of miklum tíma og fjármunum væri varið til mála sem heyra undir aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna þ. á m. allsherjarþing og Öryggisráð. Á sama tíma væru brýn verkefni sem stofnuninni beri skylda til að sinna vanrækt. Tóku fulltrúar Bandaríkjanna sem dæmi að stofnunin hefði varið 750 þúsund Bandaríkjadöllum til friðar- og afvopnunarmála á síðasta ári en aðeins 32 þúsund dollurum til menntunar flóttamanna í heiminum sem væru um 10 milljónir. Þá telja þeir óráðsú einkenna fjármálastjórn stofnunarinnar og sitthvað undarlegt í mannráðningum og stöðuhækkunum hjá stofnuninni.

Fastanefndir Vesturlanda hafa haldið sameiginlega fundi undanfarið til að ræða þann fjárhagsvanda sem nú blasir við stofnuninni og hvernig megi nota þá endurskoðun fjármála sem óhjákvæmileg er til að gera varanlegar umbætur á starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Norðurlöndin efndu til samráðsfundar um mál þessi í Reykjavík nú í aprílbyrjun. Mjög æskilegt þykir að málamiðlun takist og starf stofnunarinnar geti fallið í eðlilegan farveg.

m. a. átt sér stað samþjöppun starfsskrár, umbætur á stjórnsýslu og þátttaka framkvæmdastjórnar í mótun starfsskrár orðið virkari. Með slíku móti ætti þessi umfangsmikla og mikilvæga stofnun að geta náð vaxandi árangri á starfssviði sínu.

c. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin.

Þátttaka Íslands í starfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og samstarf við stofnunina hefur orðið æ nánara síðustu árin. Á 36. alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 1983 var Ísland kjörið af hálfu Norðurlandanna í 30 manna framkvæmdastjórn WHO til 3ja ára. Fulltrúi Íslands var tilnefndur Almar Grímsson lyfjafræðingur. Náð samráð er milli Norðurlandanna um afstöðu til einstakra mála í stjórninni og á Alþjóðaheilbrigðisþingi. Fellur það í hlut þess lands sem á fulltrúa í stjórninni að annast samræmingu á aðgerðum og afstöðu. Áhugi stofnunarinnar á Íslandi hefur sérstaklega beinst að faraldsfræðilegum rannsóknum hér á landi en þær hafa oft verið taldar mjög gagnlegar sem fyrirmynd slíkra rannsókna meðal fjölmennari þjóða sakir hinna sérstöku skilyrða hér s. s. fámennis, góðra upplýsinga um íbúa og heilsufar og tiltölulega vel skipulagðs heilsugæslukerfis.

WHO leitaði eftir þátttöku Íslands í sérstöku samvinnuverkefni um forvarnir og var samningur um það undirritaður 10. febrúar sl. af Matthíasi Bjarnasyni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og dr. Leo A. Kaprio framkvæmdastjóra Evrópusvæðisins. Á sviði krabbameinsmála ber að geta samkomulags við WHO um eflingu hópleitar á leghálskrabbameini til að greina meinið á frumstigi og auka þar með verulega líkur á lækningu. Sett hefur verið það markmið að engin kona deyi af völdum leghálskrabbameins hér á landi árið 2000. WHO hefur í þessu skyni styrkt Krabbameinsfélag Íslands til að efla innköllunarkerfi leitarstöðva félagsins.

Ársfundur Evrópusvæðisins var haldinn í Madrid í september 1983 og sat heilbrigðisráðherra hann. Meginverkefni þessa fundar var umræða um einstakar aðgerðir til stuðnings stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um heilbrigði allra árið 2000. Stofnunin hefur gengist fyrir ítarlegri upplýsingasöfnun til samanburðar á heilbrigðisástandi í álfunni í þeim tilgangi að sýna aðildarþjóðunum fram á stöðu þeirra í heilbrigðismálum. Ljóst er að almennt heilbrigðisástand á Íslandi er með því besta sem þekktist. Samt er greinilega þörf á átaki til varnar langvinnum sjúkdómum.

Hin almennu faglegu samskipti Íslands við WHO eru einkum við skrifstofu Evrópusvæðisins í Kaupmannahöfn sem þjónar 32 aðildarríkjum. Framkvæmdastjóri hennar kom í opinbera heimsókn til Íslands í ágúst 1983 og átti þá viðræður við utanríkisráðherra, heilbrigðisráðherra og aðra fulltrúa heilbrigðisstjórnarinnar, auk þess sem hann ferðaðist til Austur- og Norðurlands og heimsótti heilsugæslustöðvar.

d. Evrópuráðið.

Stofnskrá Evrópuráðsins var undirrituð í London hinn 5. maí 1949 af tíu Vestur-Evrópuríkjum. Á stofnunin þannig 35 ára afmæli á þessu ári. Nú eru aðildarríkin 21, þ. e. nær öll lýðræðisríki Vestur-Evrópu.

Samkvæmt stofnskránni starfar Evrópuráðið í tveim deildum, ráðherranefndinni og ráðgjafarþinginu. Slíkt ákvæði um tvískiptingu í fjölþjóðastofnun var algert nýmæli á þeim tíma og er talið að sú tilhögun hafi gefist mjög vel.

Markmið Evrópuráðsins eru að koma á nánari einingu meðal aðildarríkjanna í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra. Þau starfa m. a. saman að framförum á sviði efnahags- og félagsmála, menningarmála og vísinda-, laga- og stjórnarfarasmála og leitast við að treysta framkvæmd mannréttinda og frelsis.

Ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar er í höndum ráðherra nefndarinnar og nánast öllum málum er vísað til hennar. Afgreiðir ráðherra nefndin þau í formi ályktana, tillagna eða samninga.

Sérfræðinganefndir fjalla hver á sínu sviði um hina ýmsu málaflokka og taka íslenskir sérfræðingar virkan þátt í þessum nefndarstörfum á fjölmörgum sviðum.

Á ráðherrafundum Evrópuráðsins fara fram umræður um sérmál Evrópu og um alþjóðamál. Þar bera menn saman bækur sínar og skiptast á skoðunum. Þykir Evrópuráðið gagnlegur vettvangur til slíkra umræðna ekki síst með tilliti til þess að það er víðfeðmast þjóðabandalaganna í álfunni og sameinar þannig hlutlaus ríki og NATO-ríki, ríki EFTA og Efnahagsbandalagsins.

Meðal þeirra samráðsmála sem hæst bera má nefna lokasamþykktina frá Helsingfors um öryggi og samvinnu í Evrópu, þróun mála í Tyrklandi og afturhvarf landsins til lýðræðislegri stjórnarháttu og Kýpurmálið er hefir um langt skeið verið fastur liður á dagskrá ráðherra nefndarinnar og nú síðast í sambandi við yfirlýsingu Kýpur-Tyrkja um stofnun sjálfstæðs ríkis á Norður-Kýpur. Ísland tók afstöðu gegn síðastnefndri yfirlýsingu bæði í Evrópuráðinu og hjá Sameinuðu þjóðunum, enda gengur hún í öfuga átt við þá sáttaviðleitni sem haldið hefur verið uppi. Mikill fjöldi ríkja þ. á m. Ísland hefur harmað yfirlýsinguna, lýst hana ólögmeða og tekið þá afstöðu að ríkisstjórn Kýpur-Lýðveldisins undir forystu Kyprianous forseta sé hin eina löglega ríkisstjórn landsins. Trútt stefnumörkum sínum hefur Evrópuráðið viljað leitast við að leggja sitt af mörkum til þess að lausn mætti finnast á þessum vandamálum.

Um ýmis þau mál Sameinuðu þjóðanna, sem eru á dagskrá allsherjarpingsins, fara fram skoðanaskipti innan ráðherra nefndarinnar. Á þetta einkanlega við um mál er varða kynþáttamisrétti, afvopnunarmál og ástandið í Miðausturlöndum.

Á ráðgjafarþinginu sitja 170 fulltrúar kosnir af þjóðþingum aðildarríkjanna. Alþingi kys 3 menn og 3 til vara. Ýmsar meiriháttar ráðstefnur eru haldnar að frumkvæði ráðgjafarþingsins og á þess vegum. Má þar t. d. nefna ráðstefnu um þingbundið lýðræði, sem haldin var í Strasbourg í október 1983 með þátttöku þingmanna frá 27 Evrópuríkjum og ríkjum utan Evrópu, og nýafstaðna ráðstefnu í Lissabon um málefni þróunarríkja. Ég mun ekki rekja störf ráðgjafarþingsins sérstaklega þar sem fulltrúar Alþingis munu væntanlega leggja fram greinargerð um það efni eins og undanfarið.

Frá stofnun Evrópuráðsins hafa verið gerðir um 100 milliríkjasamningar á þess vegum. Hafa ýmsir þessir samningar víðtæka þýðingu fyrir þær 385 milljónir manna er byggja aðildarríki Evrópuráðsins. Ísland hefur gerst aðili að ýmsum þessara samninga. Meðal þýðingarmestu samninganna eru Mannréttindasáttmálinn og samningurinn um Viðreisnarsjóð Evrópu. Fyrri samninginn má án efa kalla einn af hornsteinum Evrópuráðsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafi fullgilt samninginn og þar með tekist á hendur skuldbindingar um að samræma löggjöf og venjur viðkomandi lands ákvæðum samningsins og að hlíta fjölþjóðaeftirliti með því að mannréttindaákvæðin séu haldin. Við mannréttindasáttmálann hafa í árunna rás verið gerðar sex viðbótarbókanir um einstaklingsfrelsi, sú síðasta, er fjallar um afnám dauðarefsingar í aðildarríkjunum, var lögð fram til undirskriftar í apríl 1983.

Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins var stofnaður 1956 og hefur Ísland verið aðili að honum frá upphafi. Sjóðurinn leggur fyrst og fremst áherslu á að styðja með lánum verkefni, sem varða atvinnumál, húsnæðismál, starfsmenntun og byggðaáætlanir. Hefur hann þannig gegnt mikilvægu hlutverki með lánaþyrirgreiðslu til aðildarlandanna til að hrinda í framkvæmd áætlunum um félagslega uppbyggingu á ýmsum sviðum og hefur Ísland verið meðal þeirra landa sem notið hafa þessháttar lánaþyrirgreiðslu til verulegs gagns.

e. Norðurlandasamvinna.

Daglega eru okkur fluttar fréttir frá ýmsum svæðum í heiminum þar sem nágrennar elda grátt silfur og vege hver annan í vopnuðum átökum. Leiðir þetta stundum hugann að þeirri farsælu þróun sem orðið hefur á Norðurlöndum í tímans rás. Norðurlandþjóðirnar háðu fyrr á öldum marga hildi en nú ríkir ekki aðeins friður og vinátta þeirra í milli heldur hafa þær nánara samstarf á nær öllum sviðum stjórn mála, félagsmála og menningarmála en dæmi er um meðal annarra ríkja. Hér er ekki aðeins um samstarf ríkisstjórna og þjóðþinga að ræða heldur einnig samstarf frjálsra samtaka fólksins á öllum sviðum þjóðlífsins. Í öryggismálum hafa þessar þjóðir þó valið sér mismunandi leiðir, hver eftir því sem hún telur þjóna öryggi sínu best, enda eru m. a. landfræðilegar aðstæður þeirra ólíkar. Ríkir meðal Norðurlanda fullur skilningur hvað þetta snertir.

Norræn samvinna er svo nánin, mikilvæg og árangursrík að gjarna er til hennar vitnað sem fyrirmynd fyrir frjáls og fullvalda ríki sem vilja eða hafa myndað svæðasamtök til að stuðla að friði og vináttu milli nágrenna og vinna að sameiginlegum hagsmunum. Norræn samvinna er talandi dæmi þjóðum heims til hvatningar að búa saman í sátt og samlyndi.

Við teljum að þátttaka Íslands í samstarfi Norðurlanda sé ein meginstöð utanríkisstefnu Íslands ásamt aðildinni að Sameinuðu þjóðunum og Atlantshafsbandalaginu. Það er þó svo að aðeins lítil hluti af þeim málum sem til norrænnar samvinnu heyrir fellur undir utanríkisráðuneytið. Að samstarfinu er unnið af öllum ráðuneytum beint og sýnir það glögg hve nán þessi samvinna er. Hvert þeirra hefur síns sviðs að gæta og næstum hver einasta íslensk stofnun á samstarf við norrænar systurstofnanir.

Samstarfið á sviði utanríkismála er okkur mjög mikilvægt og hefur borið góðan árangur. Norðurlönd eru nær ætíð sammála í grundvallarafstöðu til alþjóðamála. Mjög oft koma Norðurlönd fram sem ein heild á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Skiptast ríkin á að flytja þar mál fyrir hönd allra fimm ríkjanna. Norræn samvinna nýtur mikillar virðingar á alþjóðavettvangi og hefur Norðurlöndum oft tekist að hafa veigamikil áhrif til farsællar þróunar mála langt umfram það sem ætla mætti um ekki fjölmennari ríki.

Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda eru haldnir tvisvar á ári og eru helgaðir málafnum sem fjallað er um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðamálum. Næsti fundur utanríkisráðherranna verður haldinn hér í Reykjavík 4. og 5. september n. k. Náið samstarf er á milli embættismanna utanríkisráðuneytanna og regluleg samráð milli fastanefnda landanna hjá alþjóðastofnunum. Þessi samráð og samvinna er okkar fámennu utanríkisþjónustu ómetanleg vegna þess upplýsingastreymis sem henni fylgir um mikilvæg mál. Íslenska utanríkisþjónustan getur ekki tekið þátt í öllu sem gerist en fær þannig greinargóðar skýrslur og upplýsingar um málin.

Stundum heyrast hér á landi raddir um það að norræn samvinna sé lítið meira en orðagjálfur, fundahöld, veislur, skrifinnnska og pappírflóð. En verkin sýna merkin og kveða slíkar úrtölur niður. Nefna má t. d. sameiginlegt tryggingakerfi, gagnkvæm námshlunnindi, gagnkvæmur búseturéttur og atvinnuréttindi, þ. e. sameiginlegur vinnumarkaður (Ísland fékk þar vissan fyrirvara viðurkenndan) og gagnkvæmur kosningaréttur til sveitarstjórna. Af öðrum ótvíræðum ávinningi Íslendinga að samstarfi við Norðurlönd mætti minna á Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland, lánaþyringreiðslur og lánamöguleikar hjá Norræna fjárfestingabankanum, Norrænu eldfjallarannsóknastöðina og Norræna húsið. Á þessu ári ákváðu Norðurlönd að veita Íslendingum verulegan fjárstuðning til átaks í markaðsöflun fyrir íslenskar vörur á Norðurlöndum og er nánar skýrt frá því máli í kaflanum um utanríkisviðskipti hér á eftir. Á þessu sést að norræn samvinna er ekki aðeins í orði heldur svo sannarlega einnig á borði. Nú beinist athyglin að nýju og mikilvægu sviði, samvinnu í orkumálum. Slíkt samstarf gæti orðið Íslendingum til mikils framdráttar ef rétt verður að staðið.

Langt er síðan óskir komu fram um það í Norðurlandaráði að veita bæri Færeyingum, Grænlandingum og Álandseyingum sérstaka aðild að ráðinu. Þetta hefur verið viðkvæmt deilumál en Íslendingar hafa jafnan veitt þessum óskum stuðning sinn. Færeyingar og Álandseyingar fengu nokkra aðild að ráðinu fyrir allmörgum árum. Hefur aðild þeirra nú verið styrkt jafnframt því sem Grænlandingar sendu sína eigin sendinefnd í fyrsta sinn á þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi um mánaðamót febrúar/mars sl. Þar með hefur loks fundist langþráð málamiðlunarlausn. Þessar þjóðir hafa nú fengið viðunandi aðild að Norðurlandaráði þótt sendinefndir þeirra teljist að formi til hluti af sendinefndum ríkisheilda Danmerkur og Finnlands. Íslendingar fagna lausn þessa máls.

Hagsmunir Íslands og nánustu nágranna okkar Færeyinga og Grænlandinga fara að mörgu leyti saman og hefur samstarfið við Færeyinga verið all náið, einkum á sviði fiskveiða, svo sem annars staðar er vikið að. Segja má að formlegt samband hafi komist á milli Grænlands og Íslands, þegar fulltrúar grænleSKU landsstjórnarinnar komu í heimsókn til Íslands 1980 undir forustu Jonatans Motzfeldts formanns landstjórnar. Þar viðræður sem þá áttu sér stað lofuðu góðu um aukin samskipti okkar við Grænlandinga og sýndu þeir mikinn áhuga á að færa sér í nyt sérþekkingu okkar og reynslu á ýmsum sviðum m. a. sjávarútvegi, fiskveiðum og fiskvinnslu, og landbúnaði. Alþingi fylgdi þessu máli þegar fast eftir og hafði frumkvæði um stofnun Grænlandssjóðs og kjörin hefur verið sérstök nefnd þingmanna til að vinna að auknu samstarfi Íslendinga við Færeyinga og Grænlandinga.

Þegar Danir gengu í Efnahagsbandalagið fylgdi Grænland með sem hluti Danmerkur. Grænlandingar hafa nú sagt sig úr bandalaginu að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu og gert samning við Efnahagsbandalagið um sérstöðu og tollfríðindi á markaði bandalagsins gegn fiskveiðiréttindum sem þeir jafnframt fá gjald fyrir. Íslendingar hafa nokkrar áhyggjur af þessum fiskveiðisamningi vegna hættu á að fiskveiðar Efnahagsbandalagsríkja í fiskveiðilögsögu Grænlands geti leitt til ofveiði fiskstofna sem ganga á Íslandsmið. Af þessu tilefni samþykkti Alþingi hinn 22. febrúar sl. ályktun um sameiginleg hagsmunamál Grænlandinga og Íslendinga svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna til fullnustu möguleika á samkomulagi við Grænlandinga um sameiginleg hagsmunamál, sérstaklega að því er snertir verndun fiskistofna og fiskveiða, og leita jafnframt nánari samvinnu þeirra ríkja, sem liggja að fiskimiðunum norðarlega í Atlantshafi, um verndun og nýtingu fiskistofna og önnur sameiginleg hagsmunamál.“

Á fundi sem Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra átti með Jonatan Motzfeldt í Stokkhólmi skömmu síðar er fundur Norðurlandaráðs stóð þar voru þessi mál rædd og kom þar enn fram eindreginn vilji grænleSKU landsstjórnarinnar að eiga sem best samstarf við Íslendinga um fiskirannsóknir og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Von er á formönnum grænleSKU og færeysku landstjórnanna til viðræðna í Reykjavík í sumar um fiskveiðimál og önnur mál þessara norðlægu grannþjóða. Landsþing Grænlandinga hefur nú verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Verður þessi fundur því vart haldinn fyrr en að loknum kosningum og myndun nýrrar landstjórnar í Grænlandi.

Utanríkisráðuneytið hefur einkum síðan á árinu 1979 hugað á ýmsan hátt að samstarfi við Grænlandinga og mun gera það áfram þótt eðlilegt sé að þar eins og í öðru norrænu samstarfi komi til atbeini margra fleiri aðila.

IV. Varnar- og öryggismál.

Það er réttur sérhverrar þjóðar að tryggja fullveldi og frelsi sitt af fremsta megni og þar með sjálfsákvörðunarrétt sinn. Við Íslendingar höfum gert okkur grein fyrir þessum rétti, bæði í orði með ákvæðum 75. greinar stjórnarskrárinnar, þar sem sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins og með aðild að stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, þar sem sérhverju aðildarríki er áskilinn réttur til sjálfsvarnar eitt sér eða með öðrum ríkjum.

Ekki verður horft fram hjá þeirri staðreynd, að lega Íslands í Norður-Atlantshafi er afar mikilvæg frá herfræðilegu sjónarmiði. Í þeim efnum skiptir ekki máli hvort hér er varnarlið eða ekki. Tilvist varnarliðsins breytir ekki legu landsins eða eðli hugsanlegra styrjaldarátaka, sem fram færu í grennd þess. Við Íslendingar breytum ekki legu landsins. Hernaðarlegt mikilvægi lands okkar er því miður staðreynd og á þeirri forsendu verðum við að tryggja frelsi okkar og öryggi.

Um þessar mundir eru 35 ár frá því að Ísland gerðist stofnaðili að Norður-Atlantshafsbandalaginu, er stofnað var í því skyni að tryggja frelsi lýðræðisríkja í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, þjóða sem standa okkur næst. Grundvallarlögmál aðildarríkja bandalagsins hefur alla tíð verið, að litið er á árás á eitt þeirra sem árás á öll og þar með gripið til sameiginlegra varna en engum vopnum NATO verður beitt nema í því skyni. Þetta grundvallarviðhorf var enn áreittað í yfirlýsingu utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkja, Brussel-yfirlýsingunni, sem gefin var út á fundi ráðherranna sem ég sótti í desember sl. en þar er m. a. komist svo að orði: „Bandalag okkar ógnar engum. Við munum aldrei beita vopni nema á okkur verði ráðist. Við sækjumst ekki eftir yfirburðum en munum heldur ekki sætta okkur við að aðrir nái yfirburðum yfir okkur.“

Við Íslendingar höfum talið sjálfstæði þjóðarinnar best tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningum við Bandaríkin frá 1951. Enn er þörf fyrir dvöl varnarliðsins að álitu mikils meirihluta Íslendinga, enda myndi skapast óvissa og e. t. v. upplausn í öryggismálum á Norður-Atlantshafi, ef Ísland yrði varnarlaust.

Hlutleysi ríkja er ekki virt mikils hvort heldur er í friði eða stríði eins og dæmin sanna, þegar sovéskir kafbátar sigla í landhelgi Svía, og sýna þó Svíar myndarlega viðleitni til að vernda hlutleysi sitt og kosta til þess miklum fjárfúlgum.

Geta má nærri af reynslu okkar og annarra þjóða, að hlutleysi Íslands án varna væri einskis virði.

Varnar- og eftirlitsstöð.

Hér á landi er enginn sá vopnabúnaður til árásar, sem neinni þjóð gæti stafað hætta af. Varnir Íslands geta því ekki talist ögrun við neina þjóð, enda hefur eðli stöðvarinnar sem varnarstöðvar ekki breyst í tímans rás. Varnarliðið er hér til varnar landinu og svæðunum umhverfis það, komi til átaka. En þótt eðli varnarstöðvarinnar hafi ekki breyst, hefur hlutverki hennar undanfarin 20 ár færst meira í það horf, að vera eftirlitsstöð, þar sem fylgst er með flugi herflugvéla í nágrenni landsins og haldið er uppi eftirliti með ferðum skipa og leit að kafbátum. Slíkt eftirlit er að vissu leyti forsenda þess, að ríki Atlantshafsbandalagsins geti ávallt verið nægilega viðbúin að mæta með sameiginlegum aðgerðum öllum hættum, er stöðja að og séu því ekki opin og óvarin fyrir pólitískum þrýstingi annarra ríkja.

Eftirlitsstarfið umhverfis landið þarf að auka og við Íslendingar eigum eindregið að taka virkan þátt í slíku starfi. Skulu í því sambandi nefnd tvö dæmi um mögulega þátttöku okkar: — Rætt hefur verið um byggingu nýrra ratsjárstöðva til að bæta úr brýnni þörf á eftirliti með herflugvélum, er birtast skyndilega í námunda við lofthelgi Íslands án nokkurrar

viðvörðun eða tilkynningar. Ljóst er, að íslenskir starfsmenn eru færir um að starfrækja slíkar stöðvar einir.

- Kanna þarf gaumgæfilega hlutverk landhelgisgæslunnar í eftirlitsstarfi umhverfis Ísland og hvort ekki sé rétt að koma á verkefnaskiptingu, sem gæti stuðlað að mun nákvæmari upplýsingaöflun um skipaferðir nálægt landinu en nú er fyrir hendi.

Ég nefni einungis tvö dæmi að þessu sinni, en grundvöllurinn að virkri þátttöku okkar Íslendinga í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins er að við öðlumst sjálfir meiri reynslu og þekkingu á varnarmálum, er geri okkur betur fært að leggja sjálfstætt mat á þá hernaðarlegu stöðu, sem þjóð okkar býr við. Með þeim hætti verðum við í stakk búnir til þess að taka fullan þátt í stefnumörkun um fyrirkomulag varna landsins. Með slíka þekkingu að bakhjarli hljótum við að óska úrbóta, ef við teljum vörnunum að einhverju leyti áfátt — eða hafna hugmyndum og fyrirætlanum á þessu sviði, er við teljum að séu ekki í samræmi við þarfir okkar og stefnu í öryggismálum.

Stefnt verður því að eflingu varnarmáladeildar bæði með hliðsjón af núverandi umfangi verkefna hennar og ekki síður í þeim tilgangi að á vegum utanríkisráðuneytisins verði ávallt til staðar fullnægjandi sérfræðileg þekking á varnarmálum.

Athugun stendur yfir á því hver sé heppilegust tilhögun þessara mála og ég vænti þess, að geta skýrt frá niðurstöðu hennar síðar á þessu ári.

Til þess að geta gegnt hlutverki sínu eins og við ætlumst til og mætt þeim vanda, er við blasir, þarfnast varnarstöðin stöðugar endurnýjunar í formi tækja og mannvirkja, eigi eftirlits- og varnargildi hennar að haldast. Vil ég því minnst á eftirfarandi í því sambandi.

- Hafin var í nóvember sl. smíði á fyrsta áfanga olíubirgðastöðvar í Helguvík, en heimild fyrir þessum áfanga var veitt í október 1982. Framkvæmdir við annan áfanga, olíuhöfn, hefjast væntanlega á næsta ári, fáist nauðsynlegar fjárveitingar af hálfu Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna. Seinni áfangar olíubirgðastöðvarinnar, sem auka geymarými, eru ráðgerðir á næstu 8—10 árum. Heildargeymslurými mun tæplega þrefaldast miðað við núverandi geymslurými, en ekki fjórfaldast eða jafnvel áttfaldast eins og haldið hefur verið fram af ýmsum aðilum. Endanleg afstaða til stærðar geymslurýmisisins hefur enn ekki verið tekin en ætlunin með þessum framkvæmdum er að tryggja, að varnarliðið geti betur sinnt hlutverki sínu hér. Helguvíkurhöfn mun annars vegar leysa vandamál, sem skapast hafa vegna olíuflutninga um Keflavíkurhöfn og hins vegar gefa Suðurnesjamönnum meira svigrúm til hafnarframkvæmda, þegar fram í sækir. Olíubirgðastöðin mun jafnframt smátt og smátt leysa núverandi geymasvæði fyrir ofan Keflavík og Njarðvík af hólmi, þannig að olíumengunarhætta verður ekki lengur fyrir hendi og geymarnir standa ekki í vegi fyrir framkvæmd aðalskipulags byggðarinnar.
- Áætlað er, að á miðju ári 1985 verði skipt um orustupotur varnarliðsins og þá teknar í notkun vélar af gerðinni F-15. Vegna hinnar stöðugu aukningar á undanförunum árum á flugi herflugvéla frá Kolaskaga úr norðri, er ákveðið að fjölga orustupotum úr 12 í 18 í því skyni að treysta eins og hægt er eftirlit og loftvarnir Íslands. Útköll á orustupotum varnarliðsins hafa aukist verulega á síðustu árum. Árin 1975 og 1976 voru útköll alls 148 en 1982 og 1983 samtals 290, hafa tæplega tvöfaldast á 7 ára tímabili. Útköll eru að jafnaði töluvert færri en flug sovéskra herflugvéla inn á eftirlitssvæði varnarliðsins. Núverandi orustupotur varnarliðsins, F-4 Phantom, komu fyrst til Íslands árið 1973. Þær voru fyrst teknar í notkun upp úr 1960, en F-15 vélarnar fyrir u. þ. b. 9 árum. Vopnabúnaður F-15 er áþekkur F-4 Phantom, þ. e. þær eru búnar sams konar flugskeytum, en radartæknin er margfalt betri. Hávaði frá F-15 er minni, flugtak styttra og flugþol aðeins meira. Fyrir komu F-15 vélanna verður lokið við níu flugskýli sem nú eru í byggingu á varnarsvæðinu og hugsanlega byrjað á byggingu fjögurra til viðbótar.
- Eins og minnst hefur verið á stendur yfir athugun varðandi hugsanlega staðsetningu

ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi, er bæta myndi úr óviðunandi ástandi á viðvörunarkerfi landsins. Jafnframt myndu núverandi stöðvar verða endurnýjaðar með umtalsverðri fækkun starfsmanna, þar sem álitid er, að við nýjar stöðvar þurfi aðeins 10—15 manna starfslid og gæti starfsræksla þeirra verið í höndum Íslendinga, bæði hvað rekstur og viðhald varðar. Stöðvarnar myndu koma að miklu gagni við upplýsingamiðlun til flugmálastjórnar og landhelgisgæslu varðandi skipa- og flugumferð.

Samið var á sl. hausti um nýjar varnarliðsframkvæmdir fyrir u. þ. b. 9.3 millj. Bandaríkjadala. Samþykktar framkvæmdir frá fyrri árum, sem eru ýmist í verktöku eða ekki byrjað á, nema samtals 36.7 milljónum Bandaríkjadala. Viðhaldsframkvæmdir Keflavíkurverktaka nema á þessu ári 11.1 milljón Bandaríkjadala.

Ný flugstöð.

Á síðastliðnu hausti hófust jarðvegsframkvæmdir við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli á grundvelli 10 milljón króna lántökuheimildar Alþingis, svo og samkomulags við Bandaríkin frá 5. júlí sl. Þessar framkvæmdir hafa gengið samkvæmt áætlun. Annar áfangi byggingarinnar, sem er að gera stöðina fokhelda hefur verið boðinn út. Sex tilboð bárust og voru þau öll undir kostnaðaráætlun. Þessum áfanga er ráðgert að ljúka 1. október 1985.

Farþegar er komu til Keflavíkurflugvallar 1983 voru samtals 144 628 en frá landinu fóru 145 557. Viðkomufarþegar voru 165 698. Heildarfarþegafjöldi um Keflavíkurflugvöll var því 455 883. Farþegaflutningar voru ívið minni en árið áður eða sem svarar 3.7%. Fækkunina má einkum rekja til fyrri hluta ársins. Síðasta ársfjórðung 1983 varð 8.6% aukning að meðaltali á mánuði. Heildartekjur flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli voru á árinu 1983 kr. 45.6 milljónir króna, þar af voru lendingargjöld 38.3 milljónir króna. Hagnaður á árinu nam tæplega 16 milljónum króna en var 3.9 milljónir króna árið 1982.

Fjöldi varnarliðs og starfsmanna.

Fjöldi varnarliðsmanna var um sl. áramót alls 3 104. Í skylduliði varnarliðsmanna voru samtals 2 144 manns, þar af 1284 börn.

Samtals störfuðu 2 214 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um sl. áramót. Alls voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 1 047, þar af 20 í radarstöðinni á Stokksnesi. Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka voru 563 og starfsmenn Keflavíkurverktaka voru 145.

Ýmis rekstur.

Reksturskostnaður lögregluembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 39.5 milljónum króna árið 1983. Heildarinnheimta embættisins nam 109.3 milljónum króna eða 99.7% af því, sem til innheimtu kom.

Heildarvelta Frihafnar nam 193 milljónum króna og voru skil í ríkissjóð 70 milljónir króna.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna voru á árinu 1983, án söluskatts, 22 milljónir króna. Rekstrarhagnaður varð röskar 3.6 milljónir króna. Var skilað í ríkissjóð 4.5 milljónum króna. Álagður söluskattur nam tæpum 4.1 milljón króna og samtals var því skilað í ríkissjóð 8.6 milljónum króna. Álögd opinber gjöld voru 498 þúsundir króna.

V. Hafréttarmál.

Hafréttarmálin hafa löngum verið einn allra mikilvægasti málaflokkurinn sem utanríkisþjónustan starfar að. Fastari skipan hefur komist á mál þessi með samþykkt alþjóðlegs hafréttarsamnings, en margs konar hagsmunagæsla á þessu sviði heldur áfram.

Skulu nokkur helstu málin sem nú eru á döfnni nefnd hér:

Hafréttarsamningur.

Af Íslands hálfu er unnið að undirbúningi fullgildingar hafréttarsamningsins sem undirritaður var í Montego Bay 10. desember 1982. Samningurinn hefur verið þýddur á íslensku og er nú til nákvæmrar yfirferðar áður en hann er prentaður til framlagningar á Alþingi. Tíu ríki hafa nú fullgilt samninginn. Hann öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann.

Ísland tók þátt í fyrsta fundi nefndar sem starfar samkvæmt ályktun hafréttarráðstefnunar að því að undirbúa starfsemi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómstólsins.

Hafsbotnsmálefni.

Í framhaldi af ályktunum Alþingis um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg og Hatton-Rockall svæðinu frá 14. mars 1984 hafa farið fram viðræður við Færeyinga, Breta, Dani og Íra um hafsbotnssvæðið milli þeirra landa og Íslands. Síðast átti Hans G. Andersen fund með þjóðréttarfræðingum í danska utanríkisráðuneytinu f. h. Færeyinga og í breska og írsku utanríkisráðuneytinu og ég átti fundi með utanríkisráðherrum Danmerkur og Bretlands auk viðræðna við formann færeysku landsstjórnarinnar er hingað kom vegna fiskveiðimála. Utanríkismálanefnd hefur fengið skýrslu um þessar viðræður. Ennfremur greinargerð sem dr. Manik Talwani, kunnur sérfræðingur í hafsbotnsvísindum, samdi að tilhlutan ráðuneytisins um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri. Hann vinnur nú að viðbótarskýrslu með hliðsjón af þeim viðræðum sem fram hafa farið. Viðbótarskýrslan verður lögð fyrir utanríkismálanefnd svo fljótt sem verða má þannig að hægt sé að taka afstöðu til málsins í heild.

Hvalveiðibann.

Í framhaldi af umræðum á Alþingi ákváðu íslensk stjórnvöld að mótmæla ekki hvalveiðibanni sem alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti á ársfundi sínum 1982. Frestur til að mótmæla rann út 2. febrúar 1983.

Samkvæmt ákvörðun alþjóðahvalveiðiráðsins verða engar hvalveiðar í ágóðaskyni leyfðar á úthafinu frá og með veiðitímabilinu 1985/1986 og frá strandstöðvum frá árinu 1986. Nokkur ríki sem mótmæltu banninu munu halda hvalveiðum áfram og hafa reynt að fá forgönguríki bannsins til að fallast á takmarkaðar veiðar vegna sérstakra aðstæðna. Óvíst er hvort þessi viðleitni ber árangur.

Norður-Atlantshafs laxverndunarstofnunin (NASCO).

Samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1982 tók gildi 1. október 1983. Aðilar að samningnum auk Íslands eru Bandaríkin, Danmörk f. h. Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Kanada og Noregur. Finnland og Svíþjóð verða aðilar innan skamms.

Fyrsti fundur stofnunarinnar sem starfar samkvæmt samningnum var haldinn í Edinborg í janúar 1984. Á þeim fundi var gengið frá stjórnsýslumálum stofnunarinnar. Var

Guðmundur Eiríksson þjóðrættarfræðingur í utanríkisráðuneytinu kosinn forseti. Í maí verður fyrsti efnislegi fundur stofnunarinnar. Þar verður af Íslands hálfu m. a. unnið áfram að því markmiði sem sett var fram í ályktun Alþingis frá 14. mars 1983 um að gerðar verði “ráðstafanir til að stöðva veiðar Færeyinga á Atlantshafslaxinum í hafinu í samræmi við 66. gr. hafréttarsáttmálans og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, enda verði að því stefnt, að allar laxveiðar í sjó verði bannaðar á Norður-Atlantshafi.”

Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land skv. samningi frá 1975 með breytingum frá 10. júní 1981. Heimildin var frá upphafi bundin við tiltekin skip og þeim hefur farið fækkandi og eru nú aðeins 6 talsins. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4400 lestir og má hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð aldrei vera hærra en 25%. Afli belgískra skipa á árinu 1983 var 1370 lestir, þar af þorskur 190 lestir.

Samkvæmt samningi frá 1976 með breytingum frá 1979 og 1981 höfðu Færeyingar heimild til að veiða hér við land 17 000 lestir af botnfiski en þar af mátti þorskafla ekki fara yfir 6000 lestir. Þessu samkomulagi var sagt upp af Íslands hálfu frá og með 13. júní 1984 en í viðræðum í Reykjavík í mars s. l. urðu aðilar sammála um að samkomulagið haldi gildi sínu en með þeirri breytingu að íslensk stjórnvöld ákveði leyfilegt aflamagn Færeyinga ár hvert. Á þessu ári takmarkast veiðar Færeyinga við 8500 lestir botnfisks, þar af allt að 2000 lestir þorsks. Á árinu 1983 var í gildi samkomulag Íslendinga og Færeyinga um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna allt að 30 000 lestum. Samkomulag var gert í mars s. l. um gagnkvæm réttindi til veiða á 30 000 lestum kolmunna á árinu 1984 en íslenskum skipum verður leyft að veiða allt að 5000 lestir makrils í stað sama magns af kolmunna.

Loks hafa Norðmenn samkvæmt samkomulagi frá 1976 heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Samkomulagi þessu var einnig sagt upp miðað við 13. júní 1984 og hefur afli á þessu ári verið ákveðinn 1000 lestir, þó þannig að þorskafla má ekki fara fram úr 15% í hverri veiðiferð. Uppsögn samkomulagsins er þó í athugun í sameiginlegri fiskveiðinefnd Íslands og Noregs og háfa verið ræddar þar tillögur um að láta samkomulagið halda gildi sínu en heimila Íslendingum veiðar í norski lögsögu.

Viðræður fóru fram í Reykjavík dagana 22.—23. febrúar s. l. milli fulltrúa Íslands, Noregs og Efnahagsbandalags Evrópu vegna Grænlands um veiðar úr íslenska loðnustofninum. Skv. Jan Mayen samkomulagi Íslands og Noregs frá 1980 er hlutdeild okkar og þeirra 85% og 15%, en kvóti hefur ekki verið umsaminnt fyrir Grænland. Áformað er að halda viðræðum þessum áfram á næstunni.

Fiskveiðar Íslendinga í lögsögu annarra ríkja.

Að ósk sjávarútvegsráðuneytisins hefur utanríkisráðuneytið athugað möguleika á því að íslensk skip fái heimildir til að veiða í bandarískri lögsögu. Enn er ekki ljóst hvort hægt verði að stunda slíkar veiðar með hagnaði. Mörg vandamál hafa komið fram í sambandi við öflun þessara heimilda og er unnið að nánari athugun. Einnig verða kannaðir fiskveiðimöguleikar við Vestur-Afríku og Kanada sbr. ályktun Alþingis 16. apríl s. l.

VI. Þróunarsamvinna.

Mjög skortir á að Íslendingar hafi náð því marki sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér um þróunaraðstoð, þ. e. að hún verði 0.7% af opinberri hálfu af þjóðarframleiðslu og frjáls framlög annarra 0.3% — eða 1% alls.

Á undanförunum árum fram til 1983 hafa opinber framlög vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi aðeins tvívegis verið yfir 1/10 af áðurnefndu hlutfalli þjóðar-

framleiðslu en að jafnaði mun lægri. Meðalhlutfall opinberu framlaganna á fimm ára tímabili 1978—1982 er 0.0585% af þjóðarframleiðslu, en meðaltal ársins í fyrra og nú í ár 0.1145%, þ. e. nær helmingi hærra en á fyrrnefndu tímabili. Þrátt fyrir þessa breytingu í rétta átt verður framlagið nú sjöfalt lægra en að er stefnt (sjá nánar töflu á fskj. 3). Framlög frjálsra félagasamtaka sem upplýsingar liggja fyrir um, þ. e. Rauða kross Íslands, Hjálparstofnunar kirkjunnar, Kristnibodssambandsins og Aðventista, námu skv. bráðabirgðatölum fyrir 1983 rúmlega 9.2 milljónum króna eða 0.014% af þjóðarframleiðslu.

Ástæður til þess hve takmörkuðu fé Íslendingar hafa verið til stuðnings þróunarríkjunum er án efa óstöðugleiki íslenskra efnahagsmála og hin mörgu úrlausnarefni í dreifðum byggðum okkar eigin lands. En þegar horft er til þeirrar örbirgðar sem svo víða ríkir utan iðnríkja vesturlanda og hins að verg þjóðarframleiðsla okkar á mann árið 1983 er áætluð um 223 þús. kr. (\$ 8910) en ekki nema 15 þús. kr. (\$ 600) eða lægri í bágstaddari þróunarríkjum er ljóst að í anda þeirrar mannúðarstefnu sem við viljum fylgja getum við ekki verið þekktir fyrir annað en að taka okkur frekar á í þessum efnunum.

Enda þótt horfur þyki nú fara batnandi í iðnríkjum gegnir allt öðru máli um flest þróunarríki, einkum ríkja sunnan Sahara-eyðimerkurinnar. Stöðnun, skuldir og skortur þ. á m. helstu lífsnauðsynja setja mark sitt á þjóðlífið; sum þeirra verða að öllu óbreyttu verr sett í lok þessa áratugs en þau voru í lok sjöunda áratugarins. Þetta verður að sjálfsgöðu að breytast.

Upphaflega var íslenskum framlögum til þróunaraðstoðar aðallega beint í gegnum alþjóðastofnanir. Snemma á síðasta áratug gerðist Ísland svo aðili að norrænum aðstoðarverkefnum í Austur-Afríku. Þessir þættir eru báðir við lýði áfram. En stefnt er að því að aukning framlaga Íslands fari fyrst og fremst til tvíhliða verkefna Íslands og einstakra þróunarlanda á sviðum sem íslensk sérþekking og reynsla getur notið sín t. d. í uppbyggingu fiskveiða og jarðhitánytingu.

Í samræmi við lög nr. 43/1981 vinnur Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) í tengslum við ráðuneytið að undirbúningi og framkvæmd þróunarverkefna.

Að undanfögnu og um þessar mundir er eftirfarandi helst á döfnni á vegum eða með atbeina stofnunarinnar:

Nýr áfangi fiskveiðiverkefnisins á **Cabo Verde** er nú um það bil að hefjast, en reynsluáfangi verkefnisins stóð í hálfu annað ár 1980—81. Fiski- og rannsóknaskipið m. s. Fengur, 157 smálestir, sem er sérhannað til nota í þróunarlöndum og smíðað hjá Slippstöðinni h. f. á Akureyri, var sjósett í opinberri heimsókn forseta Cabo Verde, Aristides Pereira, hinn 31. október s. l. og afhent Próunarsamvinnustofnun Íslands að smíði og reynslusiglingum loknum hinn 7. apríl s. l. Smíðaverð skipsins var 49.3 milljónir króna, auk vaxta af lánum. Skipið skapar algjörlega ný skilyrði til árangursríkrar framkvæmdar fiskveiðiverkefna og markar tilkoma þess tímamót í þróunarstarfi okkar Íslendinga. Það verður eign PSSÍ en Cabo Verde-mönnum hefur verið gefið fyrirheit um að skipið verði notað í þágu uppbyggingar fiskveiða þeirra eins lengi og aðilar eru sammála um að þess sé þörf. Núverandi rammasamningur landanna gildir til ársloka 1985. Fyrst eftir komuna til Mindelo á Cabo Verde nú í maímánuði munu verða stundaðar fiskirannsóknir um mánaðarskeið undir stjórn dr. Jakobs Magnússonar fiskifræðings, leitað nýrra fiskstofna og fiskimiða, en síðan taka við næsta misseri túnfiskveiðar og öflun beitufisks til þeirra sem verið hefur meiriháttar vandamál þessarar höfuðgreinar sjávarútvegs landsins. Jafnframt verður unnið að uppbyggingu fiskirannsóknastofu, viðgerðarþjónustu og þjálfun fiskimanna. Fimm Íslendingar munu starfa við verkefnið, auk tímabundinna starfa fiskifræðinga, og er verkefnisstjóri Jóhannes Guðmundsson sem lengi hefur starfað fyrir Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

Í sambandi við hugsanlega aðstoð á sviði heilbrigðismála fóru Ólafur Ólafsson, landlæknir og Geir Gunnlaugsson, sem verið hefur við læknisstörf í Gíneu-Bissau, til Cabo

Verde í september s. l. og hafa skilað ítarlegri skýrslu. Rauði kross Íslands fékk heimild til að verja um 400 þús. kr. af framlagi úr ríkissjóði til að kosta byggingu lítillar þjónustumiðstöðvar í Porto Novo á Cabo Verde-eynni Santo Antao. Er nú verið að taka hana í notkun. Hjúkrunargögn hafa einnig verið send þangað fyrir frumkvæði landlæknis í samvinnu við PSSÍ og RKÍ.

Mannfræðingarnir Gísli Pálsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir munu fara til Cabo Verde í júní n. k. með styrk Norrænu Afríkustofnunarinnar og vinna þar um 4 mánaða skeið að könnun á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum einkum með tilliti til þróunaraðstoðar á sviði sjávarútvegs. Síðari áfangi könnunarinnar mun fara fram eftir 1—2 ár og standa í 6 mánuði.

Tveir sérfræðingar Vinnueftirlits ríkisins, Eyjólfur Sæmundsson forstjóri og dr. Pétur Reimarsson, fóru til **Keníu** í febrúar/mars s. l. ár og dvöldu þar um 4 vikna skeið við rannsóknir og undirbúning tillagna um ráðstafanir til að vinna bug á mengunarvandamálum við kísilgúrframleiðslu þar í landi. Hafa kenísk stjórnvöld fengið skýrslu og tillögur þeirra um úrbætur.

Vegna fjárþarfar skipasmíðinnar sem áður var nefnd hefur ekki verið unnt að bæta við nýjum tvíhliða verkefnum þótt margar beiðnir liggi fyrir.

En í samræmi við þá stefnu að veita styrki gegn mótframlagi félagasamtökum sem leggja vilja þróunarsamvinnu lið eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni var að frumkvæði og í samráði við Ragnhildi Helgadóttur menntamálaráðherra, Alþjóðleg fræðsla og samvinna (AFS) stutt til að senda 2 íslenska kennara til starfa í **Ghana** um 1 árs skeið. Fara þeir utan síðar á þessu ári.

Unnið var á vegum Sjöunda dags Aðventista að vatnsöflun fyrir kennslumiðstöð í **Gambíu** með slíkum hlutstyrk.

Norrænu verkefni fjögur sem Ísland hefur verið aðili að, þ. e. um eflingu samvinnureksturs í Keníu og Tansaníu og landbúnaðar í Tansaníu og Mósambík, hafa haldið áfram. Eru Íslendingar nú starfandi við tvö þau fyrstnefndu. Öll nema Mósambík verkefnið hafa nú staðið töluvert á annan áratug. Í deiglu eru breytingar á Keníu-verkefninu og ráðgert er að draga verulega úr Mósambík-verkefninu sem verið hefur kostnaðarsamt. Við mikla erfiðleika hefur verið að glíma í framkvæmd þess vegna aðstæðna í landinu.

Samstarf Norðurlanda um stuðning við þróunarríki grundvallast nú á samningi sem gerður var í Kaupmannahöfn hinn 5. mars 1981 og er samstarf þetta náðið.

Fyrir 5 árum hófst samstarf Orkustofnunar og Háskóla Sameinuðu þjóðanna um rekstur jarðhitaskóla hér á landi í þágu þróunarríkja. Hefur skólinn starfað undir forstöðu dr. Ingvars Birgis Friðleifssonar. Fjármögnun skólans flyst nú í auknum mæli yfir á herðar Íslendinga en þarna er tvímælalaust um að ræða mjög mikilvægt framlag til aðstoðar við þróunarlöndin. Árið 1983 voru 6 styrkþegar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í 6 mánaða þjálfun. Þeir komu frá Filippseyjum (3), Eþíópíu (2), Kína (1) og jafnframt var hér um skeið yfirmaður jarðhitamála í Costa Rica. Auk þess 1 frá Portúgal á 3 mánaða námskeiði með íslenskum styrk og tveir frá Hollandi styrktir af stjórnvöldum sínum. Þá kom einn frá Eþíópíu í stutta heimsókn á vegum UNDP. Alls hafa þá frá upphafi komið 28 styrkþegar frá orkustofnunum í 9 löndum í Afríku, Asíu og Mið-Ameríku í 6 mánuði eða lengur og 13 frá 7 löndum í skemmri tíma. Væntanlegir nú eru 8 styrkþegar til misserisdvalar, þ. e. frá Kína (3), Eþíópíu (2), Costa Rica (1), Thailandi (1) og Burundi (1) en sérfræðingar Orkustofnunar dvöldu í Burundi um 2 vikna skeið haustið 1982 á vegum PSSÍ til könnunar og ráðgjafar um jarðhitanýtingu þar og er þátttakan þaðan nú því framhald þess samstarfs sem þá var hafið. Einnig munu koma í styttri kynningarheimsóknir sérfræðingar frá m. a. Nicaragua og Keníu.

Á töflunni aftast í skýrslu þessari er yfirlit um framlög til alþjóðastofnana er sinna þróunaraðstoð.

VII. Utanríkisviðskipti 1983.

Viðskiptamál eru veigamikill þáttur í starfi margra sendiráða okkar, þ. e. undirbúningur viðskiptasamninga og margs konar fyrirgreiðsla við aðila á viðskiptasviði. Hér heima fer viðskiptaráðuneytið með mál þessi og hefur það látið í té eftirfarandi yfirlit:

Viðskiptajöfnuður.

Á síðasta ári var það markverðast á sviði utanríkisviðskipta að viðskiptahallinn lækkaði mjög verulega og var 2,4% af þjóðarframleiðslu en hafði árið 1982 verið um 10%. Á árinu 1983 jókst verðmæti útflutningsins, reiknað í dollurum, um 11% en verðmæti innflutningsins, reiknað á sama hátt, lækkaði um sama hlutfall. Vöruskiptajöfnuðurinn var því hagstæður á árinu um 470 millj. kr. og er þá bæði útflutningur og innflutningur reiknaður á fob-verði.

Þróun þjónustuviðskipta við útlönd var einnig heldur hagstæðari á síðasta ári en á næsta ári þar á undan. Þó er þjónustujöfnuðurinn talinn hafa verið neikvæður um 1730 millj. kr. á árinu. Því er talið að viðskiptajöfnuðurinn hafi verið neikvæður um 1260 millj. kr. Var sá halli að mestu jafnaður með erlendum lánunum.

Á síðasta ári bötnuðu viðskiptakjörin um 3% samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar og á það m. a. rætur að rekja til hækkunar á gengi dollars en meirihluti útflutnings er seldur í dollurum. Hins vegar er innflutningur að stórum hluta greiddur í öðrum gjaldmiðlum.

Útflutningur.

Eftirtektarvert er að útflutningur **iðnaðarvara** nam um 30% af heildarútflutningi og er það hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr. Stafar þetta einkum af stórauðnum útflutningi á áli sem nam um 17% af heildarútflutningi árið 1983 en var 10% árið áður. Batnandi efnahagsástand í viðskiptalöndum hafði í för með sér aukna sölu og verðlag fór hækkandi jafnframt því sem álbirgðir minnkuðu. Sala á kísiljárnri jókst einnig og verð hækkaði. Voru flutt út 49000 tonn af kísiljárnri árið 1983. Útflutningur þrjónavara, sem dróst saman árið 1982, jókst verulega árið 1983 þótt ekki hafi náðst að selja það magn sem flutt var út árið 1981. Útflutningur á þrjónavörum tvöfaldaðist til Sovétríkjanna og 30% aukning varð á útflutningi til Bandaríkjanna. Enn dró úr útflutningi ullarvöru til Kanada og Pýskalands en sala á öðrum mörkuðum var svipuð og árið áður. Sala á lagmeti jókst um 450 tonn í 2870 tonn vegna aukinnar sölu til Bandaríkjanna, Frakklands, Pýskalands og Sovétríkjanna.

Árið 1983 voru **sjávarafurðir** 68% af heildarútflutningnum og voru fryst fiskflök mikilvægasta vörutegundin eins og áður. Þrátt fyrir samdrátt í bolfiskafloka varð aukning á útflutningi frystra fiskflaka en að sama skapi minnkaði framleiðsla á saltfiski og skreið vegna markaðserfiðleika og verðlækkunar.

Útflutningur **frystra fiskflaka** var 113 600 tonn sem var 16000 tonnum meira en árið áður. Útflutningsverðmæti þeirra var 32% af heildarútflutningnum. Bandaríkin voru sem endranær langstærsti markaðurinn fyrir fryst fiskflök og var útflutningur þangað 67100 tonn á móti 58000 tonnum árið áður. Útflutningur til EBE var 26400 tonn árið 1983 á móti 22200 tonnum árið 1982 og til Sovétríkjanna voru flutt út 19600 tonn á móti 17300 tonnum árið áður.

Af öðrum mikilvægum útflutningsvörum má nefna að útflutningur á blautverkuðum **saltfiski** nam rúmlega 43000 tonnum árið 1983 sem er nálægt 12000 tonnum minna en árið áður. Stafar þetta af minni útflutningi til Portúgals sem er þýðingarmesti markaðurinn fyrir íslenskan saltfisk. Söluverð á saltfiski er í dollurum og veik staða gjaldmiðla í Evrópu og efnahagsferfiðleikar í Portúgal höfðu í för með sér nokkra verðlækkun á saltfiski í dollurum.

Var því meiri áhersla lögð á framleiðslu frystra fiskafurða. Hins vegar tvöfaldaðist útflutningur á þurrkuðum saltfiski og nam um 2800 tonnum árið 1983. Var hér um að ræða verulega aukningu á útflutningi til Brasilíu og einnig til Frakklands.

Engum hefur dulist sá mikli vandi sem skreiðarframleiðendur hafa átt við að etja vegna markaðserfiðleika í Nígeríu undanfarin tvö ár. Árið 1981 var Nígería 3. stærsta viðskiptaland Íslands og voru þá flutt til Nígeríu liðlega 18000 tonn af skreið og tæp 7000 tonn af hertum hausum. Árið 1982 hrapaði útflutningur skreiðar niður í 3600 tonn og útflutningur hausa nam 3200 tonnum. Á því ári versnaði efnahagur Nígeríu skyndilega vegna verðlækkunar á olíu og skuldbindinga Nígeríu gagnvart OPEC um að takmarka olíuframleiðsluna við 1,3 milljónir tunna á dag en hún hafði áður verið allt að 2,3 milljónum tunna. Vegna gjaldeyrisskorts voru í apríl 1982 sett á innflutningshöft sem leiddu til þess að skreiðarsala stöðvaðist seinni hluta árs 1982.

Síðan hefur verið miklum erfiðleikum bundið að selja skreið. Í fyrra veittu stjórnvöld í Nígeríu þó innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir takmörkuðu magni og voru þá flutt út 6000 tonn af skreið og svipað magn af hausum. En sá böggull fylgdi skammrifi að greiðsla hefur ekki enn fengist fyrir nema hluta af andvirði skreiðarinnar. Ógreiddar kröfur vegna útfluttrar skreiðar nema nú (í mars 1984) um 38 milljónum dollara en þar að auki á Nígería eftir að greiða 13 milljónir dollara af láni sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands féllust á að veita Seðlabanka Nígeríu. Hefur verið staðið við mánaðarlegar greiðslur af láninu sem var til 31 mánaðar. Vegna skreiðarsölu til Nígeríu eru því ókomnar greiðslur að upphæð u. þ. b. 50 milljónir dollara.

Látlaust hefur verið unnið að því af hálfu skreiðarútflutjenda með aðstoð stjórnvalda að fá leyfi fyrir skreiðarsölu til Nígeríu. Má nefna að á fundi Alþjóðabankans og Alþjóðagjald-eyrissjóðsins, sem haldinn var í Washington dagana 26.—30. september s. l., átti sendinefnd Íslands fund með fulltrúum nígerískra stjórnvalda um vandamál í skreiðarviðskiptum landanna. Þá hefur sendiherra Íslands í London farið þrjár ferðir til Lagos til að reyna að greiða úr þessu vandamáli. Með stjórnarbyltingunni, sem gerð var í Nígeríu í lok síðastliðins árs, var öllum viðskiptum landanna stefnt í enn meiri óvissu en áður en þegar þetta er skrifað í marslok 1984 virðist farið að rofa til um sölu á fyrirbyggjandi skreiðarbirgðum sem eru taldar vera 7200 tonn.

Útflutningur á **þorskmjöli og karfamjöli** var svipaður að magni til og undanfarin ár en loðnumjöl og loðnulýsi var ekki framleitt á árinu vegna veiðibanns. Einnig var útflutningur á **saltsíld** svipaður og áður.

Löng hefð er fyrir siglingum íslenskra fiskiskipa til Bretlands og Þýskalands til að selja **ísfisk** á mörkuðum í þessum löndum. Á síðustu árum hefur einnig átt sér stað í vaxandi mæli útflutningur á nýjum fiski með flugvélum eða í gámum með flutningaskipum. Á árinu 1983 var útflutningur með flugvélum um 2000 tonn og með flutningaskipum rúmlega 7000 tonn.

Útflutningur á **landbúnaðarvörum** var um 1,1% af heildarútflutningnum sem er svipað hlutfall og árið áður. Útflutningur á kindakjöti jókst úr 2100 tonnum í 2600 tonn og útflutningur á ostum minnkaði úr 1060 tonnum í 585 tonn, m. a. vegna minni mjólkurframleiðslu.

Innflutningur.

Innflutningurinn minnkaði um 11% í dollurum eins og áður segir. Í því sambandi má nefna að almennur innflutningur dróst saman um 8,2% miðað við árið 1982. Þar af minnkaði neysluvöruinnflutningurinn um hér um bil 10% en olíuinnflutningurinn um 2%. Bifreiðainnflutningurinn dróst mikið saman. Á árinu 1983 dróst innflutningur sérstakra fjárfestingarvara saman um 29,6%. Þar af minnkaði innflutningur skipa og flugvéla um 22% en fjárfestingarvara til Landsvirkjunar um 60%.

Viðskipti við einstök lönd.

Hlutfallslegar breytingar á viðskiptum eftir markaðssvæðum voru ekki miklar á árinu eins og eftirfarandi yfirlit sýnir en þær stöfuðu einkum af minni útflutningi á saltfiski til Portúgals, auknum útflutningi frystra fiskflaka til Bandaríkjanna og auknum álútflutningi til Efnahagsbandalagsins.

	1982		1983	
	Útflutningur	Innflutningur	Útflutningur	Innflutningur
EFTA-lönd	19,1	22,2	14,9	22,8
EBE-lönd	32,7	45,9	34,7	45,1
Austur-Evrópa	8,4	10,0	8,0	11,3
Bandaríkin	25,8	8,4	28,3	7,9
Önnur lönd	14,0	13,5	14,1	12,9

Bandaríkin voru sem fyrr stærsta markaðsland fyrir íslenskar útflutningsvörur. Árið 1983 fóru 28,3% af heildarútflutningnum þangað á móti 25,8% árið áður. Auk vaxandi sölu á frystum fiskflökum jókst sala á frystri rækju, lagmeti og prjónavörum. Vöruskiptajöfnuðurinn við Bandaríkin hefur lengi verið Íslendingum hagstæður og á síðasta ári var innflutningur frá Bandaríkjunum aðeins 7,9% af heildarinnflutningnum.

Ef litið er á viðskiptin í heild eru lönd **Efnahagsbandalagsins** stærstu viðskiptalönd Íslands. Njótum við mikilvægra tollfríðinda fyrir útflutningsvörur okkar vegna fríverslunarsamningsins við bandalagið. Útflutningur sjávarafurða til EBE, sem tollfríðinda njóta samkvæmt fríverslunarsamningnum, var að verðmæti 2750 millj. króna og samkvæmt lauslegum útreikningum námu tollaívilnanir vegna þessa útflutnings um 390 millj. króna. Útflutningur iðnaðarvara, sem tollaívilnana njóta, nam 2630 millj. kr. og tollaívilnanir um 210 millj. króna. Samtals eru því þessar tollaívilnanir 600 millj. króna. Þýðingarmestu vörurnar, sem tollaívilnana njóta, eru fryst fiskflök, fryst rækja, ísfiskur, lagmeti, ál, ullarvörur og kísiljárn.

Útflutningur til EFTA-ríkjanna var að verðmæti 2770 millj. króna og tollaívilnanir á grundvelli aðildar Íslands að EFTA vegna þeirra viðskipta 40—50 millj. króna. Munar þar mest um tollaívilnanir á áli og ullarvörum. Þátttaka Íslands í fríverslunarsamstarfi Evrópu hefur haft í för með sér aukin viðskipti og hagstæðara verð og skapað möguleika fyrir fjölbreyttari útflutningi.

Sameiginleg nefnd Íslands og Efnahagsbandalagsins hélt tvo fundi á síðasta ári til að ræða um framkvæmd fríverslunarsamningsins sem hefur gengið vel. Á þessum fundum hefur verið lögð rík áhersla á að saltfiskviðskipti héldust frjáls, eins og þau eru nú í EBE, eftir inngöngu Spánar og Portúgals. Þá hafa einnig verið gagnrýndar hækkanir tolla EBE á saltsíld og söltuðum ufsaflökum en fríverslunarsamningurinn nær ekki til þessara vörutegunda. Engar opinberar hömlur hafa torveldað sölu á fiskafurðum sem falla undir fríverslunarsamninginn. Síðan tollar voru felldir niður á frystum fiskflökum í EBE hefur sala þangað aukist úr 2640 tonnum árið 1975 í 26400 tonn árið 1983.

Ráðherrafundur EFTA voru haldnir í júní og nóvember. Á þessum fundum hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á áframhaldandi fríverslunarsamstarf og hagsmuni Íslands á því sviði.

Ástæða er til að minna á að síðastliðin áramót voru þau fyrstu eftir að Ísland gerðist aðili að EFTA sem engar undanþágur frá umsömdum reglum EFTA- og EBE voru í gildi. Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kexi féll niður í lok febrúar á síðasta ári og innborgunargjald á húsgögnum hafði fallið niður um áramótin 1982/83.

Meðal EFTA-landa hefur **Portúgal** sérstöðu sem langstærsti kaupandi íslenskra vara og er þar fyrst og fremst um að ræða saltfisk. EFTA-samstarfið nær hins vegar ekki til saltfisks

og innflutningur á honum til Portúgals hefur ekki verið frjál. Íslensk stjórnvöld hafa reynt að greiða fyrir þessum viðskiptum með því að hvetja til aukins innflutnings á portúgölskum vörum, m. a. olíuvörum, og hefur það borið þann árangur að innflutningur þaðan hefur aukist verulega síðustu árin. Árið 1977 samsvaraði verðmæti innflutnings frá Portúgal aðeins 6% af útflutningsverðmætinu en árið 1983 43%.

Ef lítið er til viðskipta við **Norðurlönd** er myndin allt önnur því að útflutningur okkar þangað var tæp 10% af innflutningnum. Af heildarinnflutningnum komu 28,5% frá Norðurlöndunum en aðeins 5,1% af heildarútflutningi landsins fór þangað. Þessi viðskipta-halli var eitt aðalræðuefnið á fundi Mats Hellströms, utanríkisviðskiptaráðherra Svía, og Matthíasar Á. Mathiesens, viðskiptaráðherra, þegar sænski ráðherrann heimsótti Ísland í ágústmánuði. Í framhaldi af þeim umræðum var svo ákveðið að hefjast handa með sérstakt markaðsátak fyrir íslenskar vörur á hinum Norðurlöndunum. Hinir viðskiptaráðherrar Norðurlandanna hafa stutt þessa hugmynd og hefur frá Norðurlandaráði fengist fjárveiting að upphæð 500 000 n. kr. til að greiða kostnað við þetta verkefni. Er gert ráð fyrir að jafnvirði þessarar upphæðar verði lagt fram af íslenskum stjórnvöldum. Markaðsátakið er nú að hefjast og er þess vænst að það geti leitt til aukins útflutnings til Norðurlandanna.

Þá var haldinn í desember fundur viðskiptaráðherra Norðurlanda og þar m. a. rædd hugmyndin „Norðurlönd sem ein markaðsheild“. Gengur sú hugmynd út á það að Norðurlöndin dragi svo sem kostur er úr tálmunum sem gætu verið á vegi aukinna viðskipta milli Norðurlandanna. Ísland hefur að ýmsu leyti sérstöðu, m. a. vegna fámennis og fjarlægðar frá markaðinum, en líka vegna óhagstæðs viðskiptajafnaðar við hin Norðurlöndin.

Viðskipti við **Austur-Evrópuríkin** voru svipuð og á undanförunum árum. Útflutningurinn jókst nokkuð miðað við meðalgengi dollars en lækkaði þó sem hlutfall af heildarútflutningi úr 8,4% árið 1982 í 8,0% árið 1983. Innflutningurinn hækkaði úr 10,0% í 11,3%. Útflutningurinn til Sovétríkjanna, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands jókst en minnkaði einkum til Póllands.

Viðskiptin við **Sovétríkin** jukust á árinu. Stafar aukningin mest af því að útflutningurinn jókst um 116,4% í krónum en um 8,4% miðað við meðalgengi dollarsins (úr 51,1 millj. dollara árið 1982 í 55,4 millj. dollara árið 1983). Útflutningur á freðfiski jókst úr 22900 tonnum árið 1982 í 25600 tonn árið 1983, saltsíld úr 14900 í 16200 tonn, lagmeti úr 630 í 760 tonn og ullarvörum úr 47 í 123 millj. króna (meðalgengi dollars tvöfaldaðist milli ára). Þrátt fyrir aukinn útflutning lækkaði hlutfall Sovétríkjanna í heildarútflutningi Íslands úr 7,6% árið 1982 í 7,4% árið 1983. Miðað við útflutningsverðmæti var freðfiskur í 1. sæti (795 millj. króna), saltsíld í 2. sæti (342 millj. króna), ullarvörur í 3. sæti (123 millj. króna) og lagmeti í 4. sæti (88 millj. króna). Innflutningurinn jókst á árinu úr 9,2% í 10,4% af heildarinnflutningnum. Voru olíuvörur í 1. sæti innfluttra vara (1991 millj. króna eða 93,3% af innflutningnum frá Sovétríkjunum) og trjávirði í 2. sæti (69 millj. króna). Sem fyrr var mikill halli á viðskiptunum.

Olíuviðskiptin við Sovétríkin voru svipuð og árið áður. Árið 1983 voru flutt þaðan inn 320 000 tonn, þ. e. 70000 tonn af bílabensíni (um 73% af heildarinnflutningi þeirrar vöru), 119 000 tonn af gasolíu (58,9% af heildarinnflutningnum) og 131 000 tonn af svartolíu (innflutningurinn eingöngu frá Sovétríkjunum). Hér er miðað við keypta og lestaða farma. Samkvæmt Hagtíðindum nam innflutningur olíuvara frá Sovétríkjunum 62,6% af heildarinnflutningnum. Auk aðalolíuvaranna, sem fluttar eru inn til landsins, koma hér undir m. a. þotuelsneyti og smurningsolíu. Hinn 9. desember 1983 var samið um kaup á 310 000 tonnum af olíuvörum fyrir árið 1984 sem skiptast þannig: 70 000 tonn af bílabensíni (5 000 tonnum minna en í samningnum fyrir árið 1983), 100 000 tonn af gasolíu (óbreytt magn) og 140 000 tonn af svartolíu (5 000 tonna minnkun).

Horfur eru á talsverðri aukningu í viðskiptum við Sovétríkin á árinu 1984, einkum í útflutningi. Í desember 1983 var samið um sölu á 17 000 tonnum af frystum flökum og 6 000 tonnum af heilfrystum fiski sem er sama magn og samið var um fyrir árið 1983. Í janúarlok 1984 hafði verið samið um sölu á 18 000 tonnum (180 000 tunnum) af saltsíld (2 000 tonna aukning). Í marsbyrjun 1984 hafði verið samið um sölu á 68 000 kössum af gaffalbitum og 8—10 000 kössum af lifur sem er mikil aukning miðað við sama tíma árið áður og er verðmætið álíka mikið og salan á öllu árinu 1983. Þá verður mikil aukning í sölu ullarvara og stafar aukningin fyrst og fremst af samningi um sölu á 1 500 000 treflum sem er margfalt magn miðað við árið á undan.

Athyglisvert er að á fyrstu þremur árum gildandi samningstímabils 1981—1985 hefur hlutdeild útflutningsins til Sovétríkjanna í heildarútflutningnum aukist til muna miðað við næstu þrjú ár þar á undan. Nánar tiltekið var hlutdeildin 3,9% 1978, 3,8% 1979, 5,3% 1980, 6,2% 1981, 7,6% 1982 og 7,4% 1983. Útflutningur fredfisks og saltsíldar hefur aukist til muna. Á sama tíma var hlutdeild innflutningsins í heildarinnflutningnum sem hér segir: 8,4% 1978, 11,1% 1979, 9,7% 1980, 8,0% 1981, 9,2% 1982 og 10,4% 1983. Dregið hefur úr hinum mikla viðskiptahalla á síðustu árum og hefur hallinn, sem stafar fyrst og fremst af miklum verðhækkunum á olíu á síðasta áratug, verið notaður sem röksemd af hálfu Íslendinga fyrir nauðsyn á auknum kaupum íslenskra vara. Er það m. a. gert í árlegum viðskiptaviðræðum sem fóru síðast fram í Moskvu sumarið 1983.

Að venju fóru fram á árinu 1983 viðræður við fulltrúa Póllands og Tékkóslóvakíu um viðskipti Íslands við þau lönd.

GATT, OECD.

Eftir ráðherrafund GATT, sem haldinn var síðla árs 1982, hefur verið unnið að framkvæmd hinna ýmsu samþykka sem gerðar voru á fundinum um störf samtakanna á næstu árum. Íslendingar hafa tekið þátt í þessum störfum eftir því sem ástæða þykir til. Auk alþekktra vandamála í alþjóðaviðskiptum hafa umræður á síðasta ári í GATT snúist mjög um nýja samræmda tollnafnaskrá sem taka á gildi 1. janúar 1987, viðskipti með landbúnaðarvörur o. fl. Þá hafa verið ræddar tillögur um að hefja nú þegar undirbúning að nýjum almennum viðskiptaviðræðum, svipuðum þeim sem áttu sér stað árin 1964—1967 og 1973—1979 og ganga undir nöfnunum Kennedyviðræðurnar og Tókýóviðræðurnar. Í þeim viðræðum var megináhersla lögð á lækkun tolla en með lækkandi tollum hafa aðrar viðskiptahindranir sífellt orðið áhrifameiri. Má þar nefna ríkisstyrki og niðurgreiðslur í margvíslegu formi auk tæknilegra viðskiptahindrana. Ef af nýjum viðræðum verður munu þær að mestu snúast um þjónustuviðskipti og viðskiptahindranir, aðrar en tolla, og hvernig megi draga úr þeim eða afnema svo að alþjóðaviðskipti geti þróast edlilega.

Efnahags- og framfarastofnunin — OECD — hefur sem fyrr fjallað um alþjóðaviðskipti. Á ráðherrafundi stofnunarinnar í maí 1983 var því beint til aðildarríkjanna að nýta batnandi efnahagsástand til að standa gegn óskum um verndaraðgerðir og draga úr eða fella niður viðskiptahömlur og aðrar ráðstafanir er hafa óhagstæð áhrif á alþjóðaviðskipti. Þá hafa vandamál í viðskiptum með sjávarafurðir m. a. verið til meðferðar hjá stofnuninni.

VIII. Utanríkisþjónustan.

Tekið hefur verið upp stjórnmalasamband við Ástralíu, Alsír, Indónesíu, Lesotho og Alþýðulýðveldið Yemen. Sendiherra Ástralíu í Kaupmannahöfn hefur afhent trúnaðarbréf hér á landi og skipaður hefur verið íslenskur sendiherra í Ástralíu Pétur Thorsteinsson með aðsetri í Reykjavík. Hefur hann nýlega afhent trúnaðarbréf sitt í Ástralíu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að skiptast á sendiherrum við önnur framangreind ríki, en

stjórnmálasamband var tekið upp að óskum þeirra. Hefur Ísland nú stjórnmálasamband við 73 ríki.

Starfsemi utanríkisþjónustunnar á sl. ári var með svipuðum hætti og áður. Engar breytingar urðu á mannafla. Heildarfjöldi embættismanna (diplomata) utanríkisþjónustunnar er nú 43, ef með er talinn viðskiptafulltrúi, sem ráðinn er til afmarkaðs tíma. 17 embættismenn starfa í ráðuneytinu, þ. m. talin varnarmáladeild, en 26 starfa í ellefu sendiráðum og fastanefndum. Í Brussel, London, New York og Washington eru þrjú embættismenn en annars staðar eru aðeins tveir, þ. e. sendiherra ásamt einum fulltrúa. Yfirleitt eru tveir ritara og aðstoðarmaður að auki við hvert sendiráð og í ráðuneytinu er annað skrifstofufólk samtals 12.

Í skýrslu forvera míns til Alþingis árið 1980 var gerð ítarleg grein fyrir þeim rökum, sem liggja að baki staðarvali sendiráða okkar, sem nú eru starfrækt. Nauðsynlegt er hins vegar að huga sífellt að þörfum okkar í þessu efni þannig að hagsmunavarsla okkar erlendis fullnægi þörfum okkar á hverjum tíma og að okkar fámenna utanríkisþjónusta nýtist sem best.

Ég er þeirrar skoðunar að öllu lengur verði ekki undan því vikist að efla utanríkisþjónustuna, m. a. með stofnun nýrra sendiráða og með öflugri útrás til að styrkja stöðu Íslands meðal þjóða, til að efla útflutningsatvinnuvegi okkar, ferðaþjónustu og menningarlíf.

Miklum tíma sendiráða og ræðisskrifstofa Íslands er varið til að svara fyrirspurnum og sinna margs konar upplýsinga- og kynningarstarfsemi um land og þjóð. M. a. hefur upplýsingadeild ráðuneytisins og sendiráð, oft í samvinnu við menntamálaráðuneytið og fleiri aðila, staðið fyrir undirbúningi sérstakra Íslandskynninga erlendis til þess að vekja eða koma til móts við áhuga á landi og þjóð. Má t. d. nefna þátttöku Íslands í hinni umfangsmiklu norrænu menningarkynningu í Bandaríkjunum sem hófst haustið 1982 en stóð fram eftir sl. ári og nú síðast bæði Íslandskynningu og þátttöku í sérstakri yfirlitssýningu um líf og störf Íslandsvinarins William Morris í Bretlandi og menningarkynningu í Vínarborg í tilefni 40 ára afmælis Lýðveldisins, o. fl. Slík starfsemi miðar að því að auka þekkingu og traust á þjóðinni og hefur áreiðanlega átt sinn þátt í að auka bæði viðskipti og heimsóknir ferðamanna.

Fylgiskjal 1.

Skrá um helstu alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar (UN).
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO).
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Alþjóðafjaraskiptasambandið (ITU).
Alþjóðapóstasambandið (UPU).
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).
Alþjóðabankinn (IBRD).
Alþjóðalánastofnunin (IFC).
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).

Önnur alþjóðasamtök.

Atlantshafsbandalagið (NATO).
Evrópuráðið (Council of Europe).
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).
Norðurlandaráð (Nordic Council).
Norræna póstsambandið (Nordic Postal Union).
Kjarnfræðistofnun Norðurlanda (NORDITA).
Bernarsambandið til verndar bókmenntum og listaverkum (Bern Union for the Protection of Literary and Artistic Works).
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga (International Union for the Publication of Custom Tariffs).
Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea).
Alþjóðahvalveiðiráðið (International Whaling Commission).
Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunin (Northwest Atlantic Fisheries Organization).
Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Commission).
Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization).
Alþjóðagerðardómurinn í Haag (Permanent Court of Arbitration, The Hague).
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar (Paris Convention for the Protection of Industrial Property).
Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council).
Alþjóðasamband sakamála lögreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL).
Alþjóðanáttúruverndarsambandið (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources).

Fylgiskjal 2.

Ályktanir á 38. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að.

Ísland gerðist á 38. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna meðflytjandi að eftirfarandi ályktunartillögum:

Allsherjarþingið:

- | | |
|-------------------|---|
| 1. Ályktun 38/3 | Ástandið í Kambódíu. |
| 2. Ályktun 38/39H | Suður-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna. |
| 3. Ályktun 38/39I | Fjárfestingar í Suður-Afríku. |
| 4. Ályktun 38/59A | Priðja hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna. |

Fyrsta nefnd:

- | | |
|--------------------|--|
| 5. Ályktun 38/71A | Tengsl afvopnunar og efnahagsþróunar. |
| 6. Ályktun 38/188B | Bann við staðsetningu kjarnavopna á hafsbotni. |
| 7. Ályktun 38/188G | Könnun á vígbúnaðarkapphlaupinu í úthöfunum. |

Sérstaka stjórnmalanefndin:

- | | |
|------------------|--------------------------------------|
| 8. Ályktun 38/84 | Ráðstafanir gegn flóttamannastraumi. |
|------------------|--------------------------------------|

Önnur nefnd:

- | | |
|--------------------|--|
| 9. Ályktun 38/165 | Alþjóðasamvinna á sviði umhverfismála. |
| 10. Ályktun 38/178 | Háskóli Sameinuðu þjóðanna. |

Priðja nefnd:

- | | |
|--------------------|---|
| 11. Ályktun 38/92 | Sjóður vegna fórnarlamba pyntinga. |
| 12. Ályktun 38/93 | Aðgerðir gegn fíkniefnavandanum. |
| 13. Ályktun 38/96 | Skyndiaftökur. |
| 14. Ályktun 38/109 | Afnám alls misréttis gegn konum. |
| 15. Ályktun 38/116 | Mannréttindasáttmálar. |
| 16. Ályktun 38/119 | Alþjóðasamningur gegn pyntingum. |
| 17. Ályktun 38/121 | Skýrsla flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. |

Fjórfða nefnd:

- | | |
|-------------------|--------------------------------|
| 18. Ályktun 38/52 | Menntunar- og þjálfunaráætlun. |
|-------------------|--------------------------------|

Fimmta nefnd:

Engin.

Sjötta nefnd:

- | | |
|--------------------|-----------------------------|
| 19. Ályktun 38/136 | Öryggi stjórnarerindreka. |
| 20. Ályktun 38/142 | Vernd og velfarnaður barna. |

Fylgiskjal 3.

Skrá yfir framlög ríkissjóðs vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1977–1984 (í þús. kr.).

	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984 ¹⁾
A. Langtíma þróunaraðstoð								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	160	176	280	364	521	3 600	4 788	4 788
2. Alþjóðafmáttarastofnunin (IDA)	800	604	1 404	1 404	2 760	3 660	7 323	4 580
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal	740	380	540	960		590		
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	251	400	710	6 022	5 757	9 007	41 701	37 873
5. Alþjóðabankinn (IRBD), fjárukning		900			661	1 045	5 453	11 586
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild			332	456			2 650	3 775
Alls	1 951	2 460	3 266	9 206	9 699	17 902	61 915	62 602
B. Önnur aðstoð.								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	35	40	59	71	138	250	332	332
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	12	12	26	33	59	173	378	415
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	20	21	52	100	296	683	595	908
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	28	29	60	88	132	512	201	264
5. Flóttamannaráð Íslands	4	4	434	182	413	1 911	1 500	—
6. Nambúsjóður Sameinuðu þjóðanna	2	6	10	16	29	45	41	60
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins	4	9	14	19	34	363	367	722
8. S-Afrikusjóður Sameinuðu þjóðanna		6	10	16	29	45	41	60
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)	2		3	12	31	164	112	178
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna						58	50	78
11. Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)							248	262
12. Sérstök matvælaaðstoð						1 150	2 559	
Alls	107	127	668	537	1 161	5 354	6 424	3 279
Samtals	2 058	2 587	3 931	9 743	10 860	23 256	68 339	65 881
Hlutfall af vergri þjófðarframiðslu viðkomandi árs	0,054%	0,045%	0,046%	0,073%	0,053%	0,075%	0,129%	0,100%

1) Áætlun.